

Eiríkur Rögnvaldsson

## Almenn málvísindi

Fyrirlestrar haustið 1987

1.

Oft hefur því verið haldið fram, að hæfileikinn til að tala sé það sem fyrst og fremst greinir manninn frá dýrunum - eða frá öðrum dýrum, ef þið viljið heldur hafa það svo. Það er auðvitað umdeilanlegt, og a.m.k. talsverð einföldun; auðvitað má segja að það sem máli skipti sé hversu þroskað vitsmunalíf sé um að ræða, og málið sé svo bara einn angi af því. Það má líka benda á að ýmis dýr eiga sér mál eins og maðurinn; kindur jarma, kýr baula, kettir mjálma o.s.frv. Vissulega er orðaforðinn fábreyttur, en hitt er ljóst að dýrin nota hann til samskipta sín á milli; og er þetta þá ekki mál, þótt frumstætt sé? Og ef svo er - er þá nokkur grundvallarmunur á því og máli mannsins?

Jú, þarna er nú ansi mikill munur, ef vel er að gáð. Mál er nefnilega ekki bara orð, þótt svo virðist í fljótu bragði; mál er líka **kerfi**. Þó að við tækjum orðabók um eitthvert erlent mál og lærðum hvert einasta orð og merkingu þess utan að, yrðum við ekki hótinu færari um að skilja, tala eða skrifa málið, nema fleira kæmi til. Við þurfum líka að kunna reglur um beygingu orðanna, í hvaða röð þau geta staðið í setningu, og svo ótalmargt fleira. Allt þetta er fjarri dýramálinu, eftir því sem við vitum best. Orðaforði hvernar dýrategundar er ákaflega takmarkaður; en það sem meira er, í mál þeirra vantar allar beygingar, allar setningafræðilegar reglur og annað slíkt, sem í meira eða minna mæli einkennir öll mannleg mál. Þegar við lærum móðurmál okkar, erum við í fyrstu á svipuðu stigi og dýrin; við lærum eitt og eitt orð, og notum það síðan samhengislaust í tíma og ótíma. En ekki líður á löngu þangað til við komumst á næsta stig og förum að tileinka okkur ákveðnar reglur; og þá getum við farið að raða orðunum saman í setningar. Þá kemur jafnframt í ljós sá þáttur sem einna helst greinir mál okkar frá dýramáli; það er hinn **skapandi** þáttur. Við látum okkur nefnilega ekki nægja að endurtaka óbreytt orð og setningar sem við heyrum aðra segja; við beitum þeim reglum sem við höfum tileinkað okkur til að raða orðunum sem við kunnum saman á nýjan hátt, og búa til nýjar setningar sem við höfum aldrei heyrt - og sem kannski hafa aldrei verið sagðar áður. Þetta er auðvitað svo sjálfsgæður og hversdagslegur hlutur fyrir okkur að við tökum ekkert eftir því. Þrátt fyrir það - eða einmitt þess vegna - skulum við samt hugsa dálítið út í þetta. Það er nefnilega stórmerkilegt. Sköpunarmáttur málsins er svo mikill, og hann veldur því að um málið er útilokað að setja nokkrar fastar reglur; það lifir sínu sjálfstæða lífi. Málið er til, óháð vilja þeirra sem tala það.

Hvaða reglur eru það sem gilda í mannlegu máli? Við getum nefnt nokkrar. Öll mál hafa t.d. sínar ákveðnu reglur um það hvaða hljóð þau nota; íslenska notar ekki raddað *s*, [z], né heldur framgómmeð *s*, [ʃ]; bæði þessi hljóð eru hins vegar notuð í þýsku. Þegar við lærum þýsku, þurfum við þess vegna að tileinka okkur þessi tvö hljóð. En okkur hættir alltaf til að beita reglum okkar eigin máls á önnur mál, og þess vegna er mjög líklegt að við notum okkar íslenska [s] fyrir hin bæði í upphafi þýskunáms. Einnig má nefna reglur um það hvaða áhrif hljóð hafi á önnur hljóð í umhverfi sínu. Í máli meginþorra Íslendinga er l óraddað á undan t, og þannig fáum við mismunandi hljóð í **gul-ur** annars vegar og **gul-t** hins vegar. Ef við lærum nú nýtt lýsingarorð þar sem stofninn endar á l, þá þurfum við ekki að hafa heyrt hvorugkyn þess borið fram til að gera það rétt; við afröddum l-ið sjálfkrafa, vegna þess að regla sem við kunnum segir okkur að gera það. En þessi regla er séríslensk; hún gildir t.d. hvorki í ensku né dönsku. Þess vegna er rangt að segja [bllld] **huilt** með óródduðu l-i, eða þá [ald], ef við erum að tala dönsku.

Þetta gera byrjendur samt oft, og jafnvel þeir sem betur vita, vegna þess að íslenska reglan er svo rík í þeim.

Við getum líka nefnt beygingarlegar reglur. Í íslensku gildir sú regla að lýsingarorð skuli vera sambeygd nafnorði sem þau standa með. Þannig verðum við að segja góður maður, góð kona, gott barn, þótt á ensku og dönsku sé form lýsingarorðsins hið sama í öllum tilvikum. Í íslensku hefur tilvísunarorðið sem líka alltaf sömu mynd, en í þýsku er notað beygt tilvísunarforafn. Þar megum við því gá að okkur að nota ekki alltaf sömu mynd.

Og setningafræðilegar reglur má líka nefna. Í íslensku gildir oftastnær sú regla að aðeins einn setningarliður má vera á undan sögn í persónuhætti. Að vísu er þetta talsvert flóknara, en við skulum geyma okkur smáatriði þangað til við förum að líta á setningafræðina; látum okkur nægja að benda á að ekki er hægt að segja á íslensku \*Í gær ég fór í bíó, þar sem tveir setningarliðir, atviksliður og frumlagið, eru á undan sögninni. Á ensku er aftur á móti fullkomlega eðlilegt að segja Yesterday I went to the movies. Við getum líka nefnt mismunandi reglur í sambandi við afturbeygingu; í íslensku segjum við Drengurinn kyssti móður sína og Drengirnir kysstu mæður sínar, en á dönsku er ekki notað sama forafnið í báðum tilvikum; þar verður að segja Drengen kyssede sin mor, en Drengene kyssede deres mødre. Hér hættir Íslendingum væntanlega til að setja sine í samræmi við íslenskar reglur.

Við verðum líka að gera mun á því sem kallað hefur verið málhæfni (competence) og málbeiting (performance). Með málhæfni er átt við kunnáttu manns í máli, þann forða af orðum og reglum sem maður hefur tileinkað sér; en með málbeitingu er átt við hvernig maður talar í raun og veru. Í fljótu bragði mætti halda að þarna væri um sama hlutinn að ræða, en svo er þó ekki. Þegar við beitum kunnáttu okkar til að tala, koma nefnilega til ýmsar ytri aðstæður sem hafa áhrif á málbeitinguna. Í venjulegu tali er það sjaldnast svo að við tölum hiklaust, mismælum okkur aldrei, hættum aldrei við hálfkláraða setningu o.s.frv. Þvert á móti; ef við tölum án alls þessa væri það ekki eðlilegt tal. Þarna erum við komin inn á muninn á ritmáli og talmáli. Þegar við skrifum gefum við okkur í flestum tilvikum betri tíma til að forma hugsanir okkar en þegar við tölum, og þess vegna er minna um setningabrot o.þ.u.l. þar. Yfirleitt tókum við ekki eftir þessum mun, og höldum að talmál og ritmál sé u.þ.b. hið sama; en þar er mikill munur á. Við sjáum hann best þegar reynt er að gera ritmál að talmáli eða talað orð er sett á blað. Því er stundum haldið fram að upplestur sé ekki góður nema ómögulegt sé að heyra mun á honum og töluðu máli. Þetta er þó hæpið; hversu góður sem upplesturinn verður, er þar alltaf um að ræða lesið ritmál. Talmál lýtur einfaldlega öðrum lögum. Dæmi um hið öfuga, þ.e. talmál sem breytt er í ritmál, sjáum við stundum í dagblöðum, þegar prentað er orðrétt það sem einhver og einhver hefur sagt t.d. í útvarpi eða í síma við blaðamann. Yfirleitt er þá um að ræða pólitíska andstæðinga blaðsins, og ég hef grun um að þegar þessari aðferð er beitt sé það ekki gert til að hafa nú örugglega rétt eftir viðkomandi, heldur til að gera hann hlægilegan. Talað mál, með öllu sínu hiki, stami og mismælum, verður nefnilega hálf hallærislegt á prenti, þótt enginn taki eftir neinu óeðlilegu þegar hlustað er á það; og lætur þann sem haft er eftir líta út sem hálfgerðan aula.

Við segjum sem sagt ýmsar setningar sem ekki eru í samræmi við málkunnáttu okkar. Við vitum vel að í íslensku verður að vera ákveðið samræmi milli frumlags og sagnar, að í hverri setningu verða að vera tilteknir liðir o.s.frv.; en eigi að síður segjum við oft setningar sem brjóta þessar reglur. Það er ekki vegna þess að við kunnum ekki málið, heldur vegna þess að við skipuleggjum ekki tal okkar langt fram í tímann, og ytri aðstæður spila sífellt inn í. Á hinn bóginn leyfir málkunnáttan okkur líka að mynda ýmsar setningar sem eru í raun og veru útilokaðar. Það er t.d. ekkert í reglum málsins sem bannar setningu þar sem 200 lýsingarorð standa með sama nafnorðinu; eða setningu sem fyllir heila blaðsíðu og þar sem hver tilvísunarsetningin hangir í annarri; en slíkar setningar myndum við aldrei segja eða skrifa,

vegna þess að þær yrðu óskiljanlegar. En málfræðilega séð er ekkert athugavert við þær.

Sérhvert mál er semsagt byggt upp annars vegar af ákveðnum **orðaförða**, og hins vegar af **reglum** um það hvernig nota megi þennan orðaförða. Orðin eru svo auðvitað mjög margvísleg, og reglurnar ekki síður. En hversu margvísleg? Eru engar takmarkanir á því hvernig mannlegt mál getur verið? Skoðanir manna á þessu hafa breyst mjög á undanförunum árum. Fyrir 30 árum eða svo skrifaði þekktur bandarískur málfræðingur að "Languages can differ without limits and in unpredictable ways". Á seinni árum hafa menn hins vegar fengist mikið við rannsóknir á ýmsum **algildum** í málum; reglum, sem finna megi í einni eða annarri mynd í öllum málum heims, hversu ólík sem þau kunna að vera í fljótu bragði. Ástæðan fyrir þessum áhuga á algildum er auðvitað sú, að menn ímynda sér að þau geti sagt okkur eitthvað um eðli málsins og jafnvel upphaf þess.

Nú er það auðvitað iðulega svo að ef eitthvað er líkt með tveimur eða fleiri málum, þá er það vegna þess að þau eru skyld; þ.e., komin af einu og sama málinu, en hafa þróast á mismunandi hátt af einhverjum ástæðum. Í slíkum tilvikum felst skyldleikinn bæði í svipuðum orðmyndum og svipuðum reglum. Þannig er auðvitað mjög fljótlegt að finna bæði orðmyndir og reglur í íslensku sem eiga sér hliðstæðu í Norðurlandamálunum, eða þá í ensku og þýsku; enda er auðvelt að sýna fram á að öll þessi mál eru af einni og sömu rót, ef nógu langt er leitað. Einnig eiga hliðstæður milli mála sér oft rót í því að annað málið hefur þegið orð eða reglur af hinu; það er algengt þegar tvö mál eru töluð á sama svæði eða á svæðum hlið við hlið, en getur líka komið til við annars konar áhrif.

Forvitnilegast er þó það þegar hliðstæður finnast með málum sem töluð eru sitt í hvoru heimshorninu, og aldrei hafa verið í nábýli, og ómögulegt er að rekja til sama frummálsins. Finnist eitthvað slíkt, hlýtur það að stafa af einhverju í eðli málsins sjálfs, eða einhverjum líffræðilegum takmörkunum mannsins. Það hefur t.d. komið í ljós að fyrstu hljóðin sem börn ná valdi á eru nokkurn veginn þau sömu, hvar sem er í veröldinni, og hvaða mál sem talað er í umhverfi þeirra; það eru **h**, **m** og **a**. Þið sjáið náttúrulega hvaða orð er hægt að búa til úr þessum hljóðum? Já, auðvitað; **babba** og **mamma**. Það er hægt að skýra þetta á tiltölulega einfaldan hátt; **h** og **m** eru hvort tveggja varahljóð, og börn virðast fyrir ná valdi á hreyfingum vara en tungu. **a** er líka hljóð sem ekki krefst nákvæmrar stjórnar á tungunni.

Um setningafræðileg algildi gegnir aftur á móti nokkuð öðru máli. Það er sem sé ekki auðvelt að sjá samhengi milli setningafræðilegra reglna og einhverra líffræðilegra atriða. Samt sem áður þykjast menn sífellt vera að finna ný og ný setningafræðileg algildi. Við skulum taka dæmi: Öll mál hafa ákveðnar reglur um það í hvaða röð orð og setningarliðir geti staðið. Þessar reglur eru misjafnlega fastar, en í flestum málum virðist vera ein **grundvallarorðaröð**, og síðan mismikil tilbrigði frá henni. Í íslensku er grundvallarorðaröðin frumlag - sögn - andlag, t.d. Sveinn barði Guðmund, en leyfilegt afbrigði er m.a. andlag - sögn - frumlag, t.d. Guðmund barði Sveinn. Það er líka hægt að flytja lið úr aukasetningu fram fyrir aðalsetninguna, t.d. Þennan mann minnir mig að ég hafi aldrei séð, þar sem þennan mann er andlag aukasetningarinnar. En ef aukasetningin er tilvísunarsetning er þetta ekki hægt; við getum sagt Það var María sem hitti þennan mann í gær, en ekki \*Þennan mann var það María sem hitti í gær. Og það sem meira er; því hefur verið haldið fram að slík setning sé útilokuð í öllum málum. Öll mál virðast hafa einhvers konar tilvísunarsetningar; og því var haldið fram að aldrei væri hægt að færa setningarlið út úr tilvísunarsetningu í nokkru máli. Að vísu hefur því verið mótmælt að það sé algilt, en það skiptir ekki máli hér; þetta er aðeins tekið sem dæmi um hvernig setningafræðilegt algildi gæti verið. Og eins og þið sjáið er erfitt að tengja þetta við líffræðileg atriði, þannig að menn hafa haldið því fram að slík algildi geti sagt okkur eitthvað um grundvallareðli málsins og e.t.v. mannsheilans.

Sérhvert málsamfélag hefur gefið ákveðnum hljóðaröðum, orðunum, ákveðna merkingu.

Það er mikilvægt að hafa í huga að í fæstum tilvikum eru nokkur eðlileg tengsl milli ákveðinnar hljóðaraðar og ákveðinnar merkingar; tengslin sem hvert mál hefur eru algerlega tilviljanakennd. Það sem við köllum **hús** heitir **maison** í frönsku, **odang** í Twi, **dom** í rússnesku og **casa** í spænsku; ekkert þessara heita er eðlilegra eða rökréttara en annað. Merking orða er bara samkomulagsatriði milli þeirra sem tala málið. Það þýðir að tilgangslaust er fyrir einn mann eða örfáa að nota ákveðið orð í annarri merkingu en allir aðrir gera; hann verður óhjákvæmilega misskilinn eða skilst alls ekki. En þetta þýðir líka að ef málnotendur koma sér saman um að breyta merkingu tiltekins orðs, þá er ástæðulaust að hafa eitthvað á móti því; að minnsta kosti er ekki hægt að malda í móinn á þeirri forsendu að breytingin geri málið eitthvað örökréttara en áður. Orðin eru sem sagt tákni á sama hátt og umferðarljós. Það er ekkert eðlilegt eða rökrétt að rautt ljós tákni stans, gult ljós bið og grænt framhald; menn hafa bara komið sér saman um að gefa ljósunum þessa merkingu. En það er samt einn mikilvægur munur á tákngildi orða málsins og tákngildi umferðarljósa. Hann varðar það hvernig táknum er gefin merking. Þegar um er að ræða tákni eins og umferðarljós, gerist það á alþjóðlegum ráðstefnum, með tilskipunum frá stjórnvöldum o.s.frv. En þótt talað sé um að merking orða sé samkomulagsatriði, þá minnst enginn þess að það samkomulag hafi nokkru sinni verið gert. Auðvitað eru til undantekningar frá þessu, einkum þegar um er að ræða heiti á einhverjum nýjum fyrirbærum o.þ.u.l.; en það hefur aldrei verið haldin ráðstefna um hvað orðin **hús**, **maður**, so. **tala**, fs. **í**, st. **og** o.s.frv. merki. Málið verður til og þróast meðal notenda sinna án þess að menn þurfi að stjórna því eða geti stjórnað því að vild.

Eitt af því sem veldur oft vandræðum fyrir þá sem eru að læra erlend mál er það hve málin skipta merkingu misjafnt milli orða. Okkur finnst ósjálfrátt að öll mál eigi að haga sér eins og íslenska í því tilliti. Við notum venjulega orðið **fótur** yfir bæði fótinn og fótlegginn, en í ensku verður að greina þar á milli og nota ýmist **foot** eða **leg**, eftir því sem við á. Sömuleiðis svara íslensku orðin **frændi** og **frænka** til ýmiss konar frændsemi. En svo eru líka til dæmi um að íslenska geri nákvæmari greinarmun en þau erlend mál sem við þekkjum best.

En mismunandi mál hafa líka mismunandi verkaskiptingu milli hinna ýmsu þátta málkerfisins. Við getum hugsað okkur að hlutverk málsins sé að brúa bilið milli merkingarinnar, þess sem við viljum koma á framfæri, og hljóðanna, þess miðils sem við notum. En málin gera þetta á mjög mismunandi hátt. Þarna á milli koma beygingafræði og setningafræði; við getum dregið skilin milli þeirra tveggja greina þannig að beygingafræði varði innri gerð orðanna, en setningafræðin samspil sjálfstæðra orða. Þessi mörk eru þó ekki alltaf ljós, m.a. vegna þess að ekki er ætíð á hreinu hvað er sjálfstætt orð og hvað ekki (er t.d. **guðs ríki** eitt orð eða tvö?). Meginatriðið sem við skulum gera okkur grein fyrir núna er þó það að málin draga skil milli beygingafræði og setningafræði á mismunandi hátt. Í sumum málum getum við sagt að beygingafræðin sé mikil og margbrotin, í öðrum er hún miklu fáskrúðugri; og þá má gera ráð fyrir að setningafræðin verði að yfirtaka eitthvað af því sem beygingafræðin sér um í þeim málum sem hafa meiri beygingar. Við skulum taka dæmi: Í íslensku er orðaröð oft talin tiltölulega frjáls. Gera má ráð fyrir að það tengist því að íslenska hefur tiltölulega miklar beygingar, sem sýna okkur afstöðu orðanna hvers til annars, þótt röð þeirra sé breytt. Þótt frumlag sé fremst í setningu í grundvallarorðaröð, skilst setning eins og **Guðmund barði Sveinn** rétt; fallendingarnar sýna okkur hver það var sem barði hvern. Í ensku eru aftur á móti miklu strangari reglur um orðaröð; þar eru beygingar minni, og því ekki hægt að reiða sig á þær til að átta sig á tengslum orðanna í setningunni.

Annað dæmi: Í íslenskum kennslubókum var lengi sagt að í málinu væru 8 tíðir sagna; nútíð, þátíð, framtíð, núliðin tíð, þáliðin tíð, þáframtíð, skildagatíð og þáskildagatíð. Nú er ljóst að þessum tíðum má skipta í tvo flokka; nútíð og þátíð eru sér á báti, því að þær eru eingöngu myndaðar með breytingum á sögninni sjálfri. Hinar tíðirnar eru allar myndaðar með

hjálparsögnum. Samkvæmt því sem áður var sagt ættu því aðeins nútíð og þátíð að flokkast undir beygingu; hinar tíðirnar eru setningafræðileg sambönd, en ekki beyging. En hvers vegna hafa þær þá verið kallaðar beyging? Ástæðan er sennilega sú, að þegar íslensk málfræði var fyrst skrifuð, var hún nánast þýdd eftir þeirri latnesku. Latína var kennd í skólum biskupsstólanna og síðar í Bessastaðaskóla og Lærða skólanum í Reykjavík frá upphafi, en íslenska var ekki kennd sem sjálfstæð grein fyrr en 1846. Latína var þá hin mikla fyrirmynd; og mönnum fannst sem önnur mál hlýtu að fylgja sama munstri og hún. Nú er hliðstæð merking við samsettu tíðirnar í íslensku að miklu leyti táknuð með beygingu í latínu, þ.e. með breytingum á sögninni einni saman; og þess vegna kölluðu menn þetta beygingu í íslensku líka. En það á varla rétt á sér, enda oft tilviljanakennt hvaða sambönd hafa verið valin til að samsvara hinum latnesku tíðum.

Málið er fyrst og fremst samskiptatæki - eða sá er að minnsta kosti uppruni þess. En málið er miklu meira. Það er líka tæki til listsköpunar. Ef við látum nægja að líta á það hlutverk málsins að koma boðum milli manna missum við af miklu.

## 2.

Hvað er málfræði? Það má vissulega skipta málfræðinni niður á ýmsan hátt. Við skulum byrja á að nefna skiptinguna í **forskriftarmálfræði** (prescriptive grammar) og **lýsandi málfræði** (descriptive grammar). Sú málfræði sem þið lesið þegar þið lærið erlend mál er fyrst og fremst forskriftarmálfræði; ykkur er sagt hvað þið eigið að segja og hvernig, varað er við ýmsum algengum villum o.s.frv. Og reyndar hefur sú íslenska málfræði sem þið hafið lært sjálfsagt að miklu leyti verið af þessu tagi líka. Í málfræði Björns Guðfinnssonar og þeim bókum sem samdar eru upp úr henni, t.d. bókum Skúla Benediktssonar og Gunnars Finnbogasonar, úir og grúir af athugasemdum eins og "Þetta er rangt", "Varast skal" o.s.frv. Sjá líka kverið Gætum tungunnar. Það er sem sé verið að halda að nemendum ákveðnum málvenjum, en vara við öðrum. Athugið að þarna er verið að velja milli málvenja, taka eina fram yfir aðrar. Það væri nefnilega tilgangslaust að vara við einhverju sem enginn segir. Í mörgum bókum er varað við að segja Mér langar, Ég vill o.s.frv., en hvergi er varað við að segja Mín langar, Ég viljum eða þul., enda segir það enginn. Við tölum seinna um rétt mál og rangt, og á hvaða forsendum hægt sé að gera upp á milli málvenja.

Hin tegundin sem ég nefndi var **lýsandi málfræði**; hún lætur sér nægja að lýsa málinu eins og það er, án nokkurra gildisdóma. Það er t.d. hægt að taka tiltekið rit og skoða það vandlega, og skrifa síðan greinargerð um það mál sem notað er í ritinu. Slíkar greinargerðir eru til um íslensk rit; einkum Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar eftir Jón Helgason (1929) og Die Sprache der Guðbrandsbiblíá eftir Oskar Bandle (1956). Á fyrri hluta þessarar aldar voru gerðar fjölmargar lýsingar á amerískum indíánamálum, svona áður en þeim sem töluðu þau væri alveg útrýmt. Í slíkum lýsingum er aðeins gerð grein fyrir því sem lýsandinn rekst á, án dóma um rétt og rangt; þessi mál áttu sér ekki heldur neina skráða sögu, og erfitt að sjá á hverju slíkir dómur hefðu átt að byggjast.

En það er til enn ein tegund málfræði, sem er kannski svolítið fjarlægari. Það er málfræði **sem lýsing á málkunnáttu**. Þetta kemur e.t.v. spáskt fyrir sjónir; hvað vitum við um málkunnáttuna annað en það sem fram kemur í því sem menn segja og skrifa? En hér er um það að ræða að skyggjast svolítið á bak við þetta. Ef við ætlum að gera heildstæða mállýsingu út frá dæmum sem við söfnum úr rituðu eða töluðu máli, rekumst við óðara á ýmis vandkvæði. Hvað eigum við t.d. að gera við dæmi eins og Skreið til Nígeríu eða Það kom tveir menn hingað í gær? Segja þau okkur að sleppa megi sögn úr setningum, og að sagnir þurfi ekki að samræmast frumlagi í tölu? Ekki viljum við láta það koma út; en ef við erum eingöngu að lýsa þeim dæmum sem fyrir koma, höfum við engin ráð til að útiloka þessi; við verðum að taka tillit til þeirra rétt eins og annarra. Okkur vantar sem sagt einhverja aðferð til að útiloka þau dæmi sem

ekki eru dæmigerð; fyrirsagnir í blöðum, mismæli, skort á sambeygingu vegna þess að setningin er ekki hugsuð fyrirfram, o.s.frv. Til þessa höfum við fyrst og fremst eitt ráð; við spyrjum málnotendur hvort þeir geti sagt þetta eða hitt. Og þá eru vondar setningar ekki síður merkilegar en þær góðu. Einn ókosturinn við dæmasöfnun er nefnilega sá að maður veit sjaldnast hvað það þýðir ef dæmi vantar um tiltekið atriði. Í íslensku er t.d. eignarfall mun sjaldgæfara en önnur föll, einkum ef.ft.; við gætum því lesið talsverðan textabút án þess að rekast á eitt einasta dæmi um ef.ft. Ef við værum nú stödd 1000 árum síðar í tímanum, og þessi tiltekni textabútur væri eina heimildin sem við hefðum um íslensku, þá gæti okkur dottið í hug að draga þá ályktun að ef.ft. hefði alls ekki verið til í málinu. Þeirri spurningu væri þá ekki hægt að svara, því að við hefðum ekki lengur aðgang að málnotendum til að spyrja þá út úr, þar sem vitnisburð textanna þryti.

Sem sagt: Til að fá góða hugmynd um það í hverju kunnátta í tilteknu máli felst, þarf ekki bara að vita hvað kunnáttan gerir manni kleift að segja; það þarf líka að vita hvað hún bannar manni að segja. En munurinn á lýsandi málfræði og þeirri málfræði sem á að gera grein fyrir málkunnáttunni er ekki bara þessi. Síðarnefnda gerðin þykist nefnilega gera meira; hún ætlar sér líka að **skýra**. Ef við tökum dæmi af því hvað þær þrjár tegundir málfræði sem hér hafa verið nefndar myndu segja um eitt og sama atriðið, hina margfrægu þágufallssýki, gæti það orðið eitthvað á þessa leið: Í forskriftarmálfræði gæti staðið: "Sagnirnar langa og vanta eru ópersónulegar og taka með sér fallorð í þolfalli: Mig langar, mig vantar. Rangt er að segja Mér langar, mér vantar." Í lýsandi málfræði gæti staðið: "Sagnirnar langa og vanta eru ópersónulegar og taka með sér fallorð í aukafalli. Sumir nota þolfall með þeim, en aðrir þágufall." Sú málfræði sem vill lýsa málkunnáttu myndi segja það sama, en bæta við: "Þágufallið sækir þarna á. Ástæðan er sú, að margar sagnir sem tákna tilfinningu, skynjun o.s.frv. taka með sér þágufall frá fornu fari, og þessar sagnir leitast við að laga sig að þeim."

En málkunnátta hvers er verið að lýsa? Nú er það auðvitað svo að ekki er málkunnátta allra þeirra sem tala sama málið nákvæmlega sú sama. Í vissum skilningi má segja að á Íslandi séu talaðar 240-250.000 mállýskur (idiolect). Eigi að síður eru allar þessar mállýskur eins í stórum dráttum, a.m.k. nógu líkar til að við getum leyft okkur að setja fram alhæfingar um þær. Á ensku er talað um "the ideal speaker", eða "fyrirmyndarmálnotanda", sem er einhvers konar upphugsað meðaltal. Í raun byggja menn yfirleitt á máltilfinningu sjálfs sín, ef þeir eru að athuga móðurmál sitt.

Athugið samt vel að málkunnáttuna er aðeins hægt að rannsaka á óbeinan hátt; þ.e. út frá því hvernig hún kemur fram í málinu. Við höfum engan beinan aðgang að þeirri heilastarfsemi sem þar er að verki.

Önnur skipting málfræðinnar er í **samtímalega** og **sögulega** málfræði. Í samtímalegri málfræði er fengist við málið eins og það er á tilteknum tíma. Athugið að það þarf ekki endilega að vera sá tími þegar rannsóknin fer fram; meginatriðið er að verið sé að gera grein fyrir ákveðnu málstigi, en ekki sögulegri þróun. Þannig er engin mótsögn í því að gera á 20. öld samtímalega rannsókn á íslensku fornmáli. Þá er reynt að finna hvaða reglur gilda í málinu á hverjum tíma.

Í sögulegri málfræði er aftur á móti athugað hvernig málið breytist í tímans rás; hvernig málbreytingar verða, hver orsök þeirra sé o.s.frv. Fram um síðustu aldamót má segja að öll málfræði hafi verið söguleg; a.m.k. á það við um málfræði 19. aldarinnar. Þá lögðu menn metnað sinn í að rekja uppruna orða sem best og lengst, en samtímaleg rannsókn málsins lá í láginni. Það er oft sagt að það hafi í raun verið svissneski málfræðingurinn Ferdinand de Saussure sem "fann upp" skilin milli sögulegrar og samtímalegrar málfræði. Hann lagði áherslu á að samtímaleg greining væri undanfari sögulegrar; til að geta skoðað þær breytingar sem yrðu á máli milli tveggja málstiga þyrftu menn að byrja á samtímalegri greiningu á báðum

málstigunum. Það dygði ekki að rekja bara þróun einstakra atriða, heldur yrði að skoða þau út frá heildinni. Þannig getum við t.d. ekki rakið sögu bóka á Íslandi á þessari öld án þess að gera grein fyrir því hvaða hlutverki þær gegna á mismunandi tímum miðað við annað í þjóðfélaginu. Meginhluti þess sem skrifað hefur verið um íslenska málfræði, a.m.k. fram undir þetta, er sögulegt; rakinn er uppruni orða, orðtaka o.s.frv. Þetta tengist auðvitað því, að lengi hefur verið litið á fornmálið sem fyrirmynd, sem nútímamál ætti að víkja sem minnst frá.

Enn má skipta málfræði í **félagslega** og **formlega**. Þegar reglur málsins eru skoðaðar, s.s. hljóðreglur, beygingarlegar reglur og setningafræðilegar reglur, er áherslan á hinni formlegu hlið; málinu sjálfu, án samhengis við það samfélag þar sem það er talað. En einnig er hægt að skoða málið út frá félagslegu sjónarmiði. Þá er athyglinni beint t.d. að mállýskumun; hvernig málfar fólks er mismunandi eftir búsetu, aldri, þjóðfélagsstöðu, menntun, kyni o.s.frv.

### 3.

Hvað er vitað um íslenska málfræði? Hvað hefur verið rannsakað? Við skulum byrja á að segja frá málfræðiritgerðunum sem samdar voru á 12. og 13. öld. Þær eru fjórar, og eru stundum kallaðar málfræðiritgerðir Snorra-Eddu, vegna þess að þær eru allar varðveittar í handriti sem hefur einnig að geyma Snorra-Eddu og gengur undir nafninu Codex Wormianus, eða Ormsbók. Fyrsta ritgerðin þar er bæði elst og merkust. Venjulega er talið að hún sé rituð skömmu fyrir miðja 12. öld, en höfundur hennar er óþekktur. Þessi ritgerð var samin í hagnýtum tilgangi; sem sé þeim að koma skipan á stafsetningu landsmanna. Á þessum tíma voru Íslendingar tiltölulega nýbúnir að læra að skrifa, og stafsetningin var mjög á reiki. Stafrófið fengum við erlendis frá, og í það vantaði tákni fyrir ýmis þau hljóð sem voru í íslensku. Nágrannapjóðir okkar höfðu reyndar líka lent í þeim vanda að latneska stafrófið dugði þeim ekki, og Englendingar höfðu t.d. bætt við stafnum *ð*, og þaðan barst hann til okkar. En menn höfðu gert ýmsar tilraunir með brodda og svokallaða límingarstafi til að bæta upp skort latneska stafrófsins, sérstaklega á sérhljóðum; en á þessu var engin föst skipan. Þetta var þeim mun verra sem sérhljóð málsins voru miklu fleiri en nú; ein 26, að því er talið er, í stað 13 nú, því að þá voru til sérstök nefkveðin sérhljóð. Fyrsti málfræðingurinn tók sér fyrir hendur að bæta úr þessu. Hann kom bæði með sérstök tákni, s.s. *o*, *e*, og *o/*; og eins lagði hann til að lengd hljóða yrði táknuð með kommu, en nefkveðni með punkti yfir þeim (athugið að munur á kommistöfum og kommulausum fólst þá í lengd, en ekki hljóðgildi eins og nú er). Hann leggur mikið upp úr því að sýna fram á nauðsyn þess að sérhvert hljóð hafi sérstakt tákni í riti; og til þess notar hann svonefnd **lágmarkspör** (minimal pairs). Þau felast í því að stillt er upp tveimur orðum sem eru eins nema hvað varðar eitt hljóð. Fyrsti málfræðingurinn setur slík orð upp í setningar eins og þessa: **Har** vex a kyikendvm enn **har** er fiskr. **Far** heitir skip enn **fár** nokkvrskonar nauð. Í fyrra dæminu hefur orðið sú breyting að nefkveðni er horfin úr málinu, þannig að bæði orðin eru nú borin eins fram. Framburðurinn hefur verið eitthvað í átt við [ha~r]. Tilgangurinn með því að setja slík lágmarkspör fram er eitthvað á þessa leið: Þarna eru tvö orð, og munurinn felst aðeins í einu hljóði. Þar sem þessi orð merkja ekki það sama, hlýtur það að vera þessi hljóðamunur sem ber ábyrgð á merkingarmuninum. Og fyrst þessi hljóðamunur er **merkingargreinandi**, sem kallað er, þá er eðlilegt að tákna hann í riti, ekki síður en í tali. Um þetta fjöllum við ítarlegar þegar kemur að hljóðkerfisfræði, og auk þess eigið þið eftir að kynnst Fyrstu málfræðiritgerðinni mun nánar; hér skal samt bent á að hún er fræg víða um heim, og þykir mjög merkileg. Aðferðafræði Fyrsta málfræðingsins er nefnilega beitt enn í dag, en hann er sá fyrsti sem vitað er til að hafi notað hana, og síðan enginn í 800 ár.

Hinar málfræðiritgerðirnar eru mun ómerkari; sú önnur fjallar líka um hljóðfræði, en sú þriðja (sem gengur undir nafninu Málskrúðsfræði) og fjórða fyrst og fremst um stílfræði.

Síðan er fátt um íslenska málfræði að segja uns kemur fram á 19. öld. Það þýðir þó ekki

að engir Íslendingar hafi fengist við hana; til eru ýmis handrit frá þessum öldum, t.d. að orðabókum, og hafa sum þeirra verið gefin út; en þar er hins vegar fátt að finna sem talið er hafa gildi enn þann dag í dag nema sem heimild um einstök atriði í málinu og við hvað menn voru að fást.

Á seinni hluta 19. aldar rísa hins vegar upp ýmsir málfræðingar, og frá þeim tíma eru til ýmis málfræðirit. Margir þessara málfræðinga störfuðu alla tíð í Kaupmannahöfn, s.s. Konráð Gíslason og síðar Valtýr Guðmundsson; eða í Bretlandi, eins og Guðbrandur Vigfússon. Eins og ég nefndi síðast var farið að kenna íslensku sem sérstaka grein í Lærða skólanum í Reykjavík árið 1846. Þá kom upp þörf fyrir kennslubækur í greininni, og frá seinni hluta aldarinnar eru til ýmsar slíkar eftir kennara skólans, einkum Halldór Kr. Friðriksson, sem var þar aðalíslenskukennari í nærri hálföld.

Það sem einkennir íslenska málfræði á þessum tíma, og er vissulega ekkert séreinkenni hennar, heldur átti við alls staðar í Evrópu, er að hún er nær eingöngu söguleg. Mikið er fjallað um forn málið, enda er þetta á síðrómantískum tíma, og þegar sjálfstæðisbaráttan reis og náði hámarki. Þá leituðu menn sér fyrirmynda í fornöldina, töldu þar allt hafa verið betra og blómlegra en síðar varð; fornþekkingin var hafnar á stall, og með þeim málið sem á þeim var. Á þessum tíma koma því út bækur eins og Um frum-parta íslenskrar tungu í fornöld eftir Konráð Gíslason. Þegar fjallað var um mál samtímans var það líka sögulegt; þ.e., þá var verið að rekja uppruna ákveðinna orða, orðasambanda o.s.frv. Nær ekkert var fjallað um samtímamál sem sjálfstætt fyrirbæri; og þá sjaldan það var gert, var sú umfjöllun venjulega í anda forskriftarmálfræði, varað var við tilteknum villum. Þá voru gefnar út bækur eins og Leiðrétting nokkurra mállýta. Valtýr Guðmundsson, sem skrifaði málfræði íslensks nútímamáls, Íslensk grammatik, var húðskammaður í ritdómum fyrir að taka með athugasemdalaust ýmsar "villur", sem þá höfðu stungið sér niður, í stað þess að segja hvað væri rétt og hvað rangt.

Á þessum tíma lýstu menn hljóðkerfi og beygingakerfi forn máls nokkurn veginn, þannig að hugmyndir manna um það hafa ekki breyst mjög verulega síðan, þótt ýmis smærri atriði hafi verið endurskoðuð, s.s. aldur tiltekinna breytinga, röð þeirra o.s.frv. Einnig eru vissulega til lýsingar á samtímamáli frá þessum tíma, s.s. greinargerð Jóns Ófeigssonar um íslenska hljóðfræði fremst í Orðabók Sigfúsar Blöndals, og Íslensk setningafræði eftir Jakob Jóh. Smára.

Fyrsta stóra rannsóknin sem gerð var á samtímamálinu var samt hljóðfræðirannsókn Björns Guðfinnssonar á árunum upp úr 1940. Björn ferðaðist um allt land og lét fólk, einkum skólabörn á aldrinum 10-14 ára, lesa fyrir sig ákveðna texta, þar sem fyrir komu atriði sem talin voru einkennandi fyrir viðkomandi landsvæði. Hann merkti síðan við á sérstök spjöld, eftir því hvernig barnið las. Alls hljóðkannaði Björn um 10000 manns, og það er óhætt að segja að miðað við fólksfjölda er þetta langsamlega viðamesta málrannsókn sem gerð hefur verið í heiminum. Niðurstöður Björns birtust einkum í tveim ritum, Mállýzkum I, 1946, og Um íslenzkan framburð, 1964. Einnig má nefna ritið Breytingar á framburði og stafsetningu, sem var endurútféð 1980; þar er að finna útdrátt úr sumum helstu niðurstöðum Björns, en auk þess er þar að finna tillögur hans um kennslu í samræmdum framburði, og hvað skuli kenna, mjög í anda forskriftarmálfræði. Annars má segja að könnun Björns sýni nokkuð vel mismunandi framburð eftir landshlutum; hins vegar er fleira sem hægt væri að kanna, en hann lét ógert. Eins og áður sagði var könnun hans að mestu bundin við skólabörn, sem þýðir að í henni kemur ekki fram hvaða breytingar kunna að hafa verið í gangi á þessum tíma; slíkt hefði væntanlega komið fram ef fleiri aldurshópar hefðu verið hafðir með til samanburðar. Í erlendum mállýskukönnunum er yfirleitt lögð mikil áhersla á að athuga mismunandi málfar eftir stéttum; en ekkert má ráða um slíkt af könnun Björns. Reyndar hafa Íslendingar lengst af trúað því, eða þeim hefur verið talin trú um, að hér sé engin stéttaskipting, og þar af leiðandi þurfi ekkert að leita að mismunandi málvari eftir stéttum. Við fjöllum nánar um þetta á eftir.



Úti í heimi breyttust straumar og stefnur í málfræði talsvert á fyrri hluta aldarinnar, m.a. í þá átt að aukin áhersla var lögð á samtímalega málfræði. Þetta stafar m.a. af auknum áhrifum Bandaríkjamanna í málfræði eins og á öðrum sviðum. Í Bandaríkjunum voru til ótal Indíanamál, og ótæmandi verkefni að lýsa þeim, eins og minnst var á um daginn; og þar hlaut viðhorfið að verða samtímalegt, því að málin áttu sér enga þekkta sögu. Málfræðingar komu sér þá upp aðferðafræði við rannsóknir sínar; og þessari aðferðafræði var auðvitað líka hægt að beita á önnur mál, þó svo að saga þeirra væri þekkt. Margir þessara málfræðinga voru reyndar fyrst og fremst trúboðar, og gerðust málfræðingar til að geta þýtt Biblíuna á Indíanamál og boðað trú. En sem sagt - þetta stuðlaði að auknum framgangi samtímalegra málvísinda.

Það er auðvitað eðlilegt að söguleg málfræði hafi verið höfð í hávegum á undan samtímalegri. Vísindin felast fyrst og fremst í því að uppgötva eitthvað nýtt, áður óþekkt; og menn þykjast þekkja sitt eigið mál. Þið hafið örugglega oft verið spurð, eða eigið eftir að vera spurð: "Hvað - ætlaðu/ertu í íslensku? Kanntu hana ekki nógu vel?" Það var einmitt það sem mönnum fannst; þeir þóttust þekkja og kunna mál samtímans fullkomlega, og um það væri einfaldlega ekkert að segja annað en það sem allir vissu. Á hinn bóginn var forsagan oftast nær þoku hulin, og þar var hægt að stunda raunveruleg vísindi.

En smátt og smátt fór mönnum að skiljast að það er ekki síður forvitnilegt að rannsaka mál samtímans; uppgötva og kanna þær ómeðvituðu reglur sem við fylgjum ósjálfrátt þegar við tölum. Og einnig fer aðferðafræðin að leika miklu stærra hlutverk í rannsóknum en hún hafði áður gert. Það var sem sé ekki látið nægja að lýsa tilteknu fyrirbæri í máli eins og það kom fyrir, heldur var því lýst út frá tiltekinni teoríu.

Hvað er teoría í þessu sambandi? Það er ekki ýkja auðvelt að skýra, en við getum sagt að það sé einhvers konar heildarrammi, sem reynt er að fella hin ýmsu fyrirbæri málsins í. Hlutverk rammans, teoríunnar, er þá að tengja saman ýmis fyrirbæri, og spá fyrir um það hvernig hlutirnir geti verið eða geti ekki verið. Ef við lýsum málinu út frá ákveðinni teoríu, á það að gefa okkur betri heildarmynd af málinu en við gætum fengið annars.

Teorían í þessu tilviki er sem sagt kenning um gerð málsins. Oft er sagt að teoríur verði að vera eins takmarkandi og athugunarefnið leyfir, vegna þess að teoría sem sé of víð, sem leyfi of mikið, sé gagnslaus. Teorían eigi sem sagt að geta gert grein fyrir því sem hægt er að segja í málinu, en útiloka það sem ekki er hægt að segja. Þetta skiptir sérstaklega miklu máli fyrir þær teoríur sem eiga ekki aðeins að gera grein fyrir gerð málsins, heldur líka fyrir máltöku barna. Hún er nefnilega stórmerkilegt fyrirbæri. Eins og við vitum læra börn málið á tiltölulega stuttum tíma, þó að á þeim tíma séu þau ansi lítið þroskuð að öðru leyti. Sagt er að börnin læri málið af því að það er haft fyrir þeim, og það er vissulega rétt; en þetta má samt ekki oftúlka. Börn segja t.d. ótal orð og setningar sem þau hafa aldrei heyrt áður. Allir kannast við að börn eru einmitt mun duglegri í orðmyndun en fullorðnir. Þau læra greinilega mjög fljótt einhverjar **reglur** til að mynda orð og setningar sem þau hafa ekki heyrt, og það er forvitnilegt viðfangsefni að athuga bæði hverjar þessar reglur eru, og eins hvernig börnunum tekst að draga þær út úr því tilviljanakennda og sundurlausa tali sem þau heyra. En einmitt vegna þess hve börnin ná fljótt valdi á málinu eru margir þeirrar skoðunar að þeim hljóti að vera talsvert af því meðfætt; auðvitað ekki einstök orð, og ekki heldur einstakar reglur, heldur einhvers konar vitneskja um það hvernig mannlegt mál geti verið. Ef málfræði okkar á að vera lýsing á málkunnáttu, þá á teorían helst að samsvara þessari vitneskju að einhverju leyti. En þar af leiðir auðvitað að teorían verður að vera algild; þ.e., geta átt við um öll mál, því að ef eitthvað slíkt er meðfætt, þá hlýtur það að vera sameiginlegt öllu mannkyni. Á seinni árum er því mjög algengt að málfræðigreinar séu byggðar þannig upp að tekin er teoría sem hefur reynst vel í öðru máli og henni beitt til að lýsa fyrirbæri sem e.t.v. er alkunnugt og menn héldu sig vita allt um; og hún birtir þetta fyrirbæri í nýju ljósi. Svo að við tökum aftur dæmið um þágufallssýkina síðan síðast: Ef við höfum enga

teoríu, þá virðist það e.t.v. óskiljanlegt af hverju einmitt þessar sagnir en ekki aðrar vilja fá þágufall. Sögnin vanta fær t.d. aldrei þgf. í setningum eins og Tvo háseta/\*Tveim hásetum vantar á bát. En ef við höfum teoríu um það að menn tengi ákveðin föll við sagnir af ákveðnum merkingarflokki, þá birtist þetta kannski í nýju ljósi.

Þetta var nú útúrdúr; en meginatriðið er að það er ekki fyrr en eftir miðja öldina sem verulega fer að bera á fastmótuðum málfræðiteoríum í ritum íslenskra málfræðinga. Þar er einkum að nefna Hrein Benediktsson, sem hefur skrifað fjölda greina um þróun íslenska sérhljóðakerfisins, einkum í ljósi ýmissa strúktúralískra hugmynda. Af þeim sem nú eru við háskólann skal nefna Höskuld Þráinsson og Kristján Árnason, sem hafa skrifað mikið á seinustu árum, einkum um setningafræði og hljóðkerfisfræði nútímamáls, og beitt ýmsum teoríum sem hafa verið áberandi úti í heimi.

Þessir tveir standa líka að viðamestu rannsókn sem nú er verið að gera á íslensku nútímamáli; framburðarrannsókn, sem staðið hefur yfir frá 1980. Farið er um allt land og tekin viðtöl við fólk, alls eiga það að verða um 3000 manns. Efnissöfnun er nú nær lokið, en mikið verk er enn eftir við úrvinnslu. Þessi könnun er frábrugðin könnun Björns að ýmsu leyti, bæði hvað varðar vinnuáferðir og athugunarefni. Í fyrsta lagi er notað segulband, sem ekki var völ á þegar Björn gerði sína rannsókn. Þá er reynt að ná til allra aldurshópa, en ekki bara til skólabarna, og ekki er eingöngu um lestur að ræða sem aðferð til hljóðkönnunar. Síðast en ekki síst er nú ekki eingöngu kannaður framburður eftir landshlutum, heldur líka eftir stéttum. Niðurstöður þessarar könnunar hafa verið að birtast smátt og smátt á undanförunum árum, en verða varla allar til fyrr en eftir 4-5 ár.

Núna um daginn var að koma út skýrsla um rannsóknir á barnamáli sem unnið hefur verið að í u.þ.b. 5 ár, einkum á vegum Kennaraháskólans, en Háskólans að nokkru leyti líka. Þar voru athuguð börn víða um land; fyrst 4 ára, en síðan sömu börnin aftur 6 ára. Athugunarefni voru tvö; annars vegar framburður barnanna á ýmsum samhljóðum og samhljóðaklössum, og hins vegar færni þeirra í að mynda fleirtölu, bæði af orðum sem þau þekktu og eins af tilbúnum "bullorðum". Þær niðurstöður munu hafa komið mörgum á óvart, að í þessum tveim atriðum séu börn í Reykjavík síst á eftir jafnöldrum sínum til sveita í málþroska.

Um íslenska hljóðfræði hefur líka mikið verið ritað á undanförunum 20 árum. Magnús Pétursson, sem lengi starfaði í Strasbourg og nú í Hamborg, hefur kannað fjölmarga þætti í hljóðmyndun og hljóðeðlisfræði íslensku og birt um það greinar víða.

Það er semsagt búið að rita talsvert um íslenskar mállyskur, barnamál, íslenska hljóðkerfisfræði, beygingafræði og setningafræði á seinustu árum. Ýmsar greinar hafa þó orðið útundan, eins og t.d. orðmyndunarfræði; um hana er sáralítið til samtímalegt, en mikið hefur verið ritað um sögulega orðmyndun.

#### 4.

Hvar er helst að leita heimilda um íslenska málfræði? Rétt er að byrja á að tala um Háskólabókasafn. Aðalsafnið er eins og þið væntanlega vitið í aðalbyggingu skólans. Þar er að finna spjaldskrá, þar sem hægt er að finna rit eftir höfundum, titil, svo og marktölu, sem segir til um efni; marktala málfræðiritanna hefst á 4, og rit um íslenska málfræði eru milli 410 og 419. Athugið að sérskrá er fyrir íslensk rit og rit um íslensk efni; hún er vinstra megin þegar komið er inn, en aðalskráin hægra megin.

Á sumum spjöldum er eitthvað skrifað með blýanti í hornið efst til vinstri, t.d. Árn eða Ensk. Það táknar hvar bókin er geymd; Árn táknar auðvitað bókastofuna í Árnagarði, stofu 304 hérna innst á ganginum, sem er opin kl. 10-13; Ensk táknar bókasafnið í aðsetri enskunnar á Aragötu 14.

Þegar þið komið inn úr handbókasalnum beygið þið til vinstri, og þar er um tvo stiga að

ræða; annan upp, en hinn niður. Ef þið ætlið að leita heimilda um íslenska málfræði skuluð þið fara niður. Beygið þá til vinstri þegar niður kemur, og þá ættuð þið fljótlega að rekast á hillurnar með íslenskri málfræði. Takið vel eftir spjöldunum sem er að finna á endum hillustæðanna, svo og á milli bóka í hillunum; þau sýna hvaða efni er um að ræða. Þarna í kjallaranum eru sem sagt öll rit um íslenska málfræði, bæði á íslensku og erlendum málum.

Vanti ykkur hins vegar rit um almenna málfræði farið þið upp en ekki niður, þegar þið komið inn úr handbókasalnum. Þegar komið er upp á næstu hæð, blasa málfræðihillurnar við á hægri hönd. Þarna eru líka bækur um einstök erlend mál, svo framarlega sem þær er ekki að finna í bækistöðvum einstakra greina, einkum í Aragötu 14 eða Norræna húsinu.

Ef ykkur vantar einhver málfræðileg tímarit beygið þið ekki inn á milli málfræðihillanna, heldur haldið áfram inn, og inn fyrir dyr sem verða á vegi ykkar. Þar fyrir innan sjáið þið fljótlega á vinstri hönd tímarit í málfræði; þar er þeim raðað í stafrófsröð. Þar eru þó alls ekki öll málfræðileg tímarit sem safnið kaupir. Mörg þeirra eru geymd hér í Árnagarði, sum á bókastofunni, en flest þó inni á stóru lesstofunni hér við enda gangsins, 305. Þeirri stofu er skipt í tvennt með hillum, og málfræðitímaritin er að finna þeim megin í hillunum sem snýr inn í innri hlutann.

Eins og áður segir eru ýmsar málfræðibækur geymdar í bókastofunni í Árnagarði. Einnig er mikið af bókum sem málfræðingar þurfa á að halda geymt í Aragötu 14, sem er slæmt, því að það safn er mjög lítið opið. Ástæðan fyrir því að margar bækur er þar að finna er sú, að þær eru flokkaðar með enskri málfræði, þótt þær hafi fyrst og fremst að geyma almenna teoríu.

Ekki má svo gleyma því að málfræðibækur er víðar að finna en á Háskólabókasafni. Talsvert er til af þeim á Landsbókasafninu, og þar eru einnig einhver tímarit sem Háskólabókasafnið á ekki.

En hvaða bækur þurfið þið helst að þekkja? Við skulum byrja á að nefna orðabækur. Nauðsynlegt er að eiga Íslenska orðabók handa skólum og almenni, annaðhvort 1. útg. frá 1963 eða 2. útg. frá 1983. Það er eina handhæga orðabókin sem til er um íslenskt nútímamál, þó hún hafi ýmsa galla; hún t.d. hefur óþarflega mikið af sjaldgæfum orðum, skýringar hennar eru ekki alltaf sem bestar, í hana vantar mikið af orðaforða hversdagsmáls, o.s.frv. Einnig er mjög æskilegt að eiga aðgang að Orðabók Sigfúsar Blöndals, Íslandsk-dansk ordbog, sem fyrst kom út 1920-24, en var síðast endurprentuð 1980. Viðbætur við hana kom svo út 1963. Þessi bók hefur að geyma geysimikinn orðaforða, og í henni eru öll orð hljóðrituð; einnig er þar oft að finna upplýsingar um staðbundna notkun orða. Athugið hvernig stafrófsröðin er í þessum bókum; báðar raða saman a og á o.s.frv., og Blöndal líka i og y.

Ekki má gleyma hinni væntanlegu Orðabók Háskóla Íslands, sem nú hefur verið unnið að í rúm 40 ár. Það kann að virðast langur tími, en þó er rétt að hafa í huga að stóra sænska orðabókin byrjaði að koma út fyrir aldamót og er ekki lokið enn, að því er ég best veit. Þessi bók á að ná yfir orðaforða málsins frá fyrstu bók sem prentuð var á íslensku, Nýja testamenti Odds frá 1540, og til okkar daga. Geysimörg rit hafa nú verið orðtekin, þ.e. lesin og safnað úr þeim dæmum um ákveðin orð, ákveðna beygingu eða notkun orða. Þessi dæmi eru síðan skrifuð á spjöld, þ.e. orðið með ákveðnu samhengi, og þessum spjöldum svo raðað í stafrófsröð í sérstaka kassa; þarna er komið hið fræga seðlasafn orðabókarinnar. Talið er að seðlarnir séu kringum 2 milljónir. Nú er búið að slá öll orð sem þarna koma fyrir inn á tölvu, ásamt ákveðnum upplýsingum, s.s. hvenær orðið kom fyrst fyrir. Orðin reyndust vera alls um 600.000. Tölvuskráin verður fljótlega sett inn á tölvu Háskólans, og verður þá aðgengileg hverjum sem er. En geysileg vinna er enn eftir áður en orðabókinni sjálfri verður lokið.

Helstu orðabækur um forn málið eru tvær; Lexicon poeticum, sem Sveinbjörn Egilsson samdi upphaflega með skýringum á latínu, en Finnur Jónsson endurskoðaði síðar og skrifaði danskar skýringar. Sú bók nær yfir skáldamálið forna; en yfir prósans nær orðabók Fritzners,

sem kom út seinnipartinn á síðustu öld í þrem bindum; viðbótarbindi kom svo út fyrir um 15 árum. Þetta er geysimerk bók, og ómissandi hjálpargagn við allar málfræðilegar athuganir á formáli. Að vísu truflar það mann svolítið í fyrstu að hún er að miklu leyti prentuð með gótnesku lettri, en það venst fljótlega, enda nauðsynlegt að venja sig við það hvort eð er.

Úti í Kaupmannahöfn er svo verið að vinna að nýrri orðabók um formálið, Ordbog over det norrøne prosasprog, sem hefur verið í undirbúningi síðan fyrir stríð. Hún verður hliðstæð við Orðabók Háskóla Íslands, og nær fram að tíma prentaðra bóka, 1540. Fyrsta bindi þessarar bókar átti að koma út í fyrra, og útgáfunni að ljúka á um 20 árum, en þetta hefur eitthvað tafist. Það er þó ljóst að þessi bók er mun lengra komin en Orðabók Háskólans.

Ef við höldum okkur svo við formálið og athugum helstu handbækur um það, þá er þar helst að nefna tvær; aðra um hljóðfræði og þó fyrst og fremst um beygingafræði, hina um setningafræði. Sú fyrrnefnda er Altnordische Grammatik eftir Adolf Noreen, sem kom fyrst út seint á 19. öld og síðan í 3 endurskoðuðum útgáfum, þeirri seinustu 1923, og sú hefur margsinnis verið prentuð óbreytt. Setningafræðibókin er Norrøn syntax eftir Nygaard, sem kom út 1905, en var endurprentuð óbreytt 1966. Takið eftir því hve þessar bækur, sem verða að teljast grundvallarrit hvor á sínu sviði, eru gamlar. Vissulega er nú margt í þeim talið úrelt; en enginn hefur samt ennþá lagt í að skrifa yfirlitsrit um efnið. Þessir gömlu karlar afköstuðu alveg ótrúlega miklu, en nútíminn er ópolinmóður og hefur enga eirð til slíkra verkefna. Einnig má benda á Altisländisches Elementarbuch, eftir Andreas Heusler, sem er á svipuðum aldri, og fjallar um hljóðfræði, beygingafræði og setningafræði formáls.

Reynum svo að færa okkur nær nútímanum. Eins og fram hefur komið er ekki til nein skipuleg lýsing á neinu málstigi milli 13. aldar og þeirrar 20., ef sleppt er lýsingum á málinu eins og það er í einstökum ritum, s.s. Nýja testamenti Odds og Guðbrandsbiblíu. Það eru ekki heldur til nein yfirlitsrit sem heitið geti um íslenska málsögu þessara alda. Að vísu má nefna bækur eins og Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr formálinu, eftir Björn Karel Þórólfsson, en þar er efnið mjög afmarkað bæði að umfangi og í tíma.

Frá því um 1920 eru svo til lýsingar á hljóðfræði, beygingafræði og setningafræði samtímans, eins og fram kom um daginn. Hljóðfræðin er eftir Jón Ófeigsson, og er að finna fremst í Orðabók Blöndals; beygingafræðin er Íslandsk Grammatik eftir Valtý Guðmundsson; setningafræðin er Íslenzk setningafræði eftir Jakob Smára. Tvær síðarnefndu bækurnar eru enn meginrit á sínu sviði; þótt margt sé þar nú úrelt, er ekkert sem getur komið í staðinn. Að vísu hafa verið skrifaðar nokkrar bækur um beygingafræði, en engin sem hefur neitt að ráði fram yfir bók Valtýs, enda helst um að ræða kennslubækur fyrir útlendinga; Icelandic eftir Stefán Einarsson, A Course in Modern Icelandic eftir Jón Friðjónsson, og Isländische Grammatik eftir Bruno Kress. Í síðastnefndu bókinni er þó ýmislegt nýtt, og hún hefur líka að geyma heilmikla hljóðkerfisfræði og síðast en ekki sist setningafræði.

Þá má nefna bækur um orðtök og málshætti. Af þeim fyrrnefndu er það helst bók Halldórs Halldórssonar, Íslenzkt orðtakasafn, sem kom út í tveim bindum 1969-1970, en um málshættina er það Íslenzkir málshættir eftir Bjarna Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson, sem kom út 1968. Báðar bækurnar komu út í ritröð AB.

## 5.

Nú er ætlunin að fjalla um íslenskt mál að fornu; hvernig það hafi verið, hvað við vitum um það o.s.frv. Því er oft haldið fram að í grundvallaratriðum sé íslenska nútímans sama mál og talað var hér á landi fyrir 7-800 árum; er þetta rétt?

Við skulum þá byrja á að rifja upp að íslensku má rekja allt til hins svokallaða indóevrópska frummáls, sem talað var austur í Asíu fyrir ca. 4000 árum. Engar beinar heimildir eru til um þetta mál, engar fornar áletranir eða neitt slíkt á því; allt sem menn vita um það er

fengið með aðferðum samanburðarmálfræðinnar. Hún felst í því að borin eru saman tvö (eða fleiri) mál sem talin eru skyld, og reynt að sýna fram á hvernig hin sameiginlega formóðir hljóti að hafa verið. Út frá þessum samanburði eru búnar til svokallaðar **endurgerðar myndir**, sem jafnan eru stjörnumerktar til að sýna að um þær séu aðeins óbeinar heimildir; þær séu í raun aðeins tilgáta.

Indóevrópska frummálið greindist svo í ýmsar ættkvíslir; þær sem við þekkjum best eru germönsk mál, rómönsk og slavnesk. Auk þess eru indóevrópsk mál töluð að miklu leyti á Indlandi, í Persíu og víðar. Indóevrópsku málin eru yfirgnæfandi í Evrópu, en þó má finna þar mál af öðrum ættum, t.d. finnsku, ungversku, samísku, baskamál o.fl.

Germönsku málin fara svo að greinast í austur-, vestur- og norður-germönsk. Eina austur-germanska málið var gotneska, sem nú er löngu útdauð; hún er nær eingöngu þekkt af biblíuþýðingu frá því á 4. öld, kenndri við Wulfila biskup. Á þjóðflutningatímanum dreifðust Gotar víða um lönd, og tunga þeirra týndist; þó eru til heimildir um að hún hafi enn verið töluð á Krímskaga á 18. öld. Þótt gotneska sé löngu útdauð, er hún geysilega mikilvæg til að átta sig á forsögu íslensku og annarra germanskra mála; biblíuþýðingin er nefnilega langelsti samfelldi texti sem til er á nokkru germönsku máli. Þess vegna er gotneskan kennd sem sérstakt námskeið hér í íslenskunni, og var m.a.s. skylda fyrir alla þangað til fyrir 9 árum.

Af vestur-germönskum málum er helst að nefna ensku og þýsku. Norður-germanska, eða frumnorræna, greindist svo í austur- og vestur-norræn mál; austur-norræn eru danska og sænska, en vestur-norræn norska, færeyska og íslenska. Það er þó rétt að hafa í huga að ekki er hægt að skýra allt sem varðar líkindi eða mismun málanna með uppruninum; áhrif frá öðrum málum geta líka verið mikil. Þannig varð t.d. enska fyrir geysilegum áhrifum frá frönsku á tíma Normanna, 12.-13. öld eða svo; norska varð fyrir miklum áhrifum frá dönsku, einkum eftir siðaskipti, því að danska var þar ritmál; danska varð fyrir áhrifum frá þýsku; o.s.frv.

Hvenær verður íslenska til? Það er í sjálfu sér skilgreiningaratriði; við getum þess vegna sagt að íslenska hafi orðið til daginn sem öndvegissúlur Ingólfs bar að landi í Reykjavík. Við gætum líka sagt að íslenska hafi orðið til daginn sem Íslendingur og Norðmaður lentu í fyrsta skipti í vandræðum með að skilja hvor annan. Við gætum líka reynt að koma okkur upp einhverjum viðmiðum, og sagt að þegar tiltekinn munur er orðinn á framburði, beygingum og setningagerð, sé íslenska orðin sjálfstætt mál. Allar þessar viðmiðanir ganga samt framhjá því meginatriði málsins, að fyrirbærið **mál** er ekki hægt að skilgreina eingöngu málfræðilega; það verður ekki síður að taka tillit til félagslegra þátta. Á Norðurlöndum, einkum í Noregi, er mjög mikill mállyskumunur; samt tölum við um norsku sem eitt mál. Það er víða lítill munur á þeirri norsku sem töluð er við sænsku landamærin og sænskunni sem töluð er hinum megin; miklu minni munur en á þessari sömu norsku og norskunni víða annars staðar í Noregi. Samt sem áður er í fyrri tilvikinu talað um tvö mál, en í því síðara um eitt og hið sama. Það þarf ekki mikla skarpskyggni til að sjá að þarna eru það ytri aðstæður sem ráða skiptingunni, þ.e. sú tilviljun að landamærin eru þar sem þau eru.

Það er sem sé ekki hægt að setja upp neina einhlíta skilgreiningu á því hvenær um mismunandi mál sé að ræða, og hvenær sé um að ræða mállyskur; ákvörðun um það hlýtur að ráðast af ýmsu, og við tölum nánar um þetta þegar kemur að mállyskum. En oft er nú talið að þegar kemur fram á 13. öld sé orðinn töluverður munur á því máli sem talað var á Íslandi og því sem talað var í Noregi; svo mikill, að réttlæt看legt sé að tala um tvö mál. Upp úr því verða Íslendingar líka nær skipalaus þjóð, og utanferðir minni en áður, þannig að menn kynnast minna erlendum þjóðum. Það hlýtur svo að leiða til þess að munur íslensku og norsku eykst.

Þegar við finnum hliðstætt atriði í tveim skyldum málum, er oft sagt að þetta atriði hljóti að vera tilkomið áður en málin klofnuðu. Sé t.d. sama orðið haft um tiltekið fyrirbæri í íslensku og norsku, gætum við reynt að segja: Þetta sýnir að fyrirbærið er svo gamalt að það hefur verið

þekkt meðan íslenska og norska voru enn eitt og sama mál. Ef mismunandi orð eru aftur á móti notuð, gæti okkur dottið í hug að það sýndi að fyrirbærið væri tilkomið eftir að málin klofnuðu. Oft er þetta svo, en því er samt ekki að treysta, a.m.k. ekki hvað varðar einstök orð. Orðið **bíll** er t.d. notað bæði í íslensku og dönsku, þótt fyrirbærið sé ljóslega tilkomið a.m.k. 1000 árum eftir að íslenska og danska fóru að verða allólík mál. Hins vegar er þetta oft öruggara með ákveðnar reglur; hljóðreglur, beygingarreglur, setningafræðileg sambönd o.s.frv. Því er þó aldrei alveg að treysta. Það er nefnilega algengt að hliðstæð þróun verði í tveim skyldum málum eftir að þau greinast, án þess að hægt sé að segja að annað málið hafi áhrif á hitt. Ástæðan er þá sú að aðstæður í málunum eru að miklu leyti hinar sömu, og sömu aðstæður kalla á sömu breytingar eða skapa skilyrði fyrir þær. Þegar talað er nú á tímum um ensk eða dönsk áhrif á íslensku, er því rétt að fara dálítið varlega. Það má ekki gleyma því að enska og danska eru talsvert skyldar íslensku, og mjög margt í reglukerfi málanna er hliðstætt. Líkindin eru meiri en þau sýnast; munurinn er mestur í orðaforðanum og framburðinum, en hann er það sem við tökum helst eftir. En vegna þessara líkinda er alls ekki fráleitt að hugsa sér að hliðstæð þróun gæti orðið í ákveðnum atriðum t.d. í íslensku og ensku, án þess að um nokkur bein áhrif frá ensku væri að ræða. Þetta er auðvitað erfitt eða útilokað að sanna; við heyrum og lesum mikið af ensku, þannig að vissulega **getur** verið um bein áhrif að ræða. Við skulum þó hafa í huga að oft er ekkert útilokað að breytingin hefði orðið í íslensku án nokkurra áhrifa.

Athugum nú hvaða upplýsingar við höfum um upphaf íslensks máls. Elstu handrit sem eru varðveitt eru talin frá því um eða rétt fyrir 1200; þá eru Íslendingar búnir að búa í landinu í rúm 300 ár, og eitthvað hefur augljóslega breyst á þeim tíma. Það sem við vitum um eldri málstig er einkum úr fjórum áttum: 1) kvæðum, eddukvæðum og dróttkvæðum; 2) rúnum; 3) samanburði við önnur mál; 4) Fyrstu málfræðiritgerðinni.

Talið er að a.m.k. sum eddukvæði séu ævagömul, og hafi varðveist lengi í munnlegri geymd. Það er því ekki gott að segja um hvaða tíma einstök atriði í máli þeirra bera vitni. Dróttkvæðin eru að þessu leyti mun öruggari. Mörg þeirra eru eftir (eða a.m.k. eignuð) höfunda sem eru þekktir, og vitað hvenær voru uppi. Þar að auki er form dróttkvæðanna miklu fastara en eddukvæða, og þess vegna hafa væntanlega orðið minni breytingar á þeim í munnlegri geymd. Þau eru því mjög mikilsverðar heimildir um hljóðkerfi og beygingakerfi málsins; hins vegar segja þau lítið um setningafræðina, vegna þess hve orðaröð þeirra er óvenjuleg.

Rúnaristur eru hvorki margar né merkilegar á Íslandi, og koma að litlu haldi sem heimildir um forn málið. Aftur á móti eru miklar rúnaristur til annars staðar á Norðurlöndum, og þær eru mikilsverðar heimildir um fornorrænu. Samanburður við önnur mál er svo að sjálfsögðu mjög mikilsverður, eins og áður segir.

Fyrsta málfræðiritgerðin veitir miklar upplýsingar um hljóðkerfið, sem er mjög dýrmætt, því að hljóðkerfi er auðvitað eitt það atriði í máli sem ritaðar heimildir segja minnst um. Hins vegar er rétt að hafa í huga að stafsetning fyrri tíma manna gefur miklu betri upplýsingar um hljóðkerfið en nú er. Það er vegna þess að í raun og veru var engin samræmd stafsetning til fyrr en á þessari öld, og hver skrifaði eftir smekk. Stafsetning breyttist þá þegar hljóðkerfið breyttist. Vissulega verður að nota stafsetningu með varúð sem vitnisburð um hljóðkerfið. Mikið af því sem varðveitt er frá fyrri öldum er nefnilega afskriftir af eldri ritum, og það er upp og ofan hvort afritararnir hafa fylgt stafsetningu forritsins eða þeirri sem þeim var eiginleg. Á seinni öldum fyrntu menn sem voru lesnir í fornum ritum líka oft stafsetningu sína. Hvað sem þessu líður, telja menn sig hafa fundið út með nokkurri vissu, hvernig hljóðkerfi forníslensku hafi verið.

Flestir kannast við það sem kallað hefur verið "samræmd stafsetning forn". Það er sú stafsetning sem er á hinni svokölluðu Fornritafélagsútgáfu; útgáfu Hins íslenska fornritafélags á Íslendingasögum og öðrum norrænum fornritum. Þessi útgáfa hófst 1933, og er langt frá því lokið enn. Samræmd stafsetning forn er tilraun til að búa til samræmda stafsetningu sem miðst

við íslenskt málkerfi og orðmyndir eins og menn telja að það hafi verið um 1200 eða þar um bil. Gerður er munur á tveimur æ-um, tveimur ö-um, ritað ok og at o.s.frv. Þessi stafsetning var ekki "búin til" fyrr en á 19. öld, og deila má um réttmæti þess að gefa rit út með henni. Menn hafa á öllum öldum skrifað fornar sögur upp annaðhvort stafrétt eftir forritinu eða með sinni eigin stafsetningu, og mér finnst það nægja. Hins vegar hefur þetta orðið mikið hitamál, sbr. málaferlin gegn Halldóri Laxness um árið.

Þegar við lesum forna texta, finnst okkur munur forn máls og nútímamáls ekki ýkja mikill. Auðvitað rekumst við á ýmis orð sem við skiljum ekki, en þau eru þó tiltölulega fá. Við finnum líka dæmi um óvenjulega orðaröð og beygingar; en við þykjumst þó skilja textann fullkomlega, og finnst munurinn á honum og nútímamáli ótrúlega lítill. Þar er þó ekki allt sem sýnist. Í fyrsta lagi er sú stafsetning sem við notum nú að talsverðu leyti endurgerð út frá forn málinu. Á 19. öld og fyrr skrifuðu menn mun meira eftir framburði en nú, og þá voru sýndar í stafsetningu ýmsar framburðarbreytingar sem orðið hafa, en ekki eru táknaðar í þeirri stafsetningu sem nú gildir. Þá var t.d. oft ritað *lángur*, *hæjji*, *eidn* o.s.frv. þar sem við höfum *langur*, *hagi*, *einn*. Þegar fyrst var farið að rita íslensku, höfðu menn auðvitað enga stafsetningarhefð að styðjast við, og þess vegna skrifuðu menn að miklu leyti eftir framburði - um annað var ekkert að ræða. Þess vegna speglar stafsetning elstu rita framburðinn væntanlega nokkuð vel; og íslensk nútímastafsetning er svo löguð að miklu leyti eftir stafsetningu forn máls. Sambandið milli hljóða og bókstafa hefur þannig breyst mjög mikið. Bæði er þar um að ræða stöðubundnar breytingar, þ.e. hljóðgildi hefur breyst í ákveðnu hljóðfræðilegu umhverfi, s.s. hljóðgildi sérhljóða á undan *ng* og *nk*; og einnig altækar breytingar, eins og t.d. *sa* runa *i* og *y*. Við getum borið þetta saman við færeysku. Flestir kannast við að það er vandaliði fyrir okkur sem aldrei höfum lært neitt í færeysku að lesa málið, en við skiljum ekki bofs ef við heyrum það talað. Ástæðan er sú að færeyskt ritmál var ekki til fyrr en á 19. öld; þá bjó málfræðingur nokkur til ritmál handa Færeyingum, og lagaði það eftir íslensku, eða hinu sameiginlega forn máli. En færeyskur framburður hefur breyst talsvert, og tengslin milli rit máls og talmáls eru þar ekki hin sömu og í íslensku. Athugið að þetta táknar ekkert endilega að færeyskur framburður hafi breyst meira en íslenskur; á sumum sviðum er það ugglaut svo, en öðrum ekki. Meginatriðið er að breytingarnar eru **aðrar**. Vegna þess hve stafsetningin er samgróin málinu í huga okkar, þá hættir okkur til að líta svo á að hjá okkur séu tengslin milli framburðar og stafsetningar nær fullkomin, en margfalt minni í færeysku. Hver kannast ekki við að talað sé um að færeyska sé svo erfið af því hve framburðurinn sé ólíkur stafsetningunni? En ætli Færeyingum finnst ekki það sama um íslensku?

Beygingar málsins hafa breyst tiltölulega lítið, og sömuleiðis setningafræðin, þótt þar sé að vísu ýmislegt sem mætti nefna. Orðaforðinn er líka að talsverðu leyti sá sami; auðvitað hefur gífurlega mikið bæst við af orðum, og talsvert mörg líka fallið úr notkun, en æði margt er þó sameiginlegt. Það er þó rétt að hafa tvennt í huga í því sambandi. Í fyrsta lagi er ekki gefið að orð sem kemur fyrir bæði að fornu og nýju merki nákvæmlega það sama, þótt maður haldi það í fljótu bragði. Orðið *skynsemd* gat t.d. merkt 'rök' að fornu. Þetta á einkum við um orð sem vísa til ýmissa huglægra fyrirbæra, en einnig önnur. Í öðru lagi er svo það að þjóðfélag það sem forn málið var talað í var auðvitað gerólikt því sem við þekkjum. Það er ekki hægt að skilja mál fullkomlega nema þekkja samfélagið þar sem það er talað vel. Þetta er auðvitað almennt viðurkennt nú á dögum þegar um er að ræða erlend mál; menn verða að dvelja í landi þar sem mál er talað til að ná fullkomnu valdi á því. Þar er ekki bara átt við framburð, heldur líka hvenær hvað á við, ýmis fíngerð blæbrigði í merkingu orða o.s.frv. Og auðvitað á þetta líka við um forn íslensku, þótt við hugsum ekki út í það hversdags. Eftir því sem við þekkjum betur samfélag þjóðveldisaldar, þeim mun betur skiljum við mál þess samfélags. Þess vegna er út í hött að halda að maður skilji íslenskt forn mál án þess að hafa kynnt sér vel sögu Íslands og bókmenntir.

En þarna liggur hættan falin í orðunum og stafsetningunni; við höldum að við skiljum þetta miklu betur en við gerum í raun og veru.

Íslenska er oft borin saman við önnur Norðurlandamál og bent á að miklu minni breytingar hafi orðið á henni en þeim. Það er að nokkru leyti rétt, en að öðru leyti ekki. Íslenskt hljóðkerfi hefur sennilega breyst meira, en beygingarnar aftur á móti mun minna. Munurinn sýnist hins vegar miklu meiri en hann er vegna þess að þegar við tölum um breytingar miðum við svo mjög við stafsetninguna. Íslensk stafsetning er að talsverðu leyti endurgerð, eins og áður sagði; en stafsetning annarra Norðurlandabjóða (fyrir utan Færeyinga) hefur þróast í aðrar áttir. Þar með er ekki sagt að stafsetning þeirra sé neitt nær framburðinum en okkar, heldur aðeins að þar hafa ekki verið uppi neinar tilhneigingar til að laga hana eftir fornmálinu. Það má alveg hugsa sér - þótt það kunni að virðast fjarstæðukennt - að sama stafsetning gildi á öllum Norðurlöndum. Vissulega yrði stafsetningarnám erfiðara fyrir suma en aðra; en yrði það nokkuð strembnara en t.d. ensk stafsetning er fyrir enskumælandi fólk?

## 6.

Við skulum nú aðeins líta á nokkur atriði sem breyst hafa í málinu, og skipta þeim í sex flokka; 1) hljóðkerfi; 2) beygingakerfi; 3) orðmyndun; 4) setningafræði; 5) merking orða; 6) orðaforði.

Eins og áður hefur komið fram hafa miklar breytingar orðið á hljóðkerfinu, þótt stafsetningin dylji það fyrir okkur, ýmist stöðubundnar eða altækar. Áður hefur verið minnst á að í forn máli voru nefkveðin sérhljóð aðgreind frá munnkveðnum, og sérhljóðin voru fleiri en nú af öðrum ástæðum; til voru tvenns konar æ, tvenns konar ö, og i og y voru aðgreind ekki bara í stafsetningu, heldur líka í framburði. Komma yfir staf táknaði þá lengd, en nú sérstakt hljóðgildi; það breyttist í hinni svokölluðu hljóðdvalarbreytingu, sem venjulega er talin hafa orðið kringum 1600, en átti sér vissulega langan aðdraganda. Fyrir hljóðdvalarbreytinguna var lengd sérhljóða föst, en eftir hana er hún stöðubundin; fer eftir lengd samhljóða sem á eftir kemur. Um þetta leyti breytast líka sum hinna gömlu löngu hljóða í tvíhljóð, þ.e. á, ó, æ, en é verður samhljóð + sérhljóð. Í samhljóðakerfinu hafa líka orðið breytingar. Tvíritið pp, tt, kk táknuðu áður langt hljóð, en nú aðblástur; b, d, g voru áður rödduð hljóð, en nú örödduð; j og y voru áður svokölluð hálfserhljóð, en nú samhljóð; og svo mætti lengi telja. Þetta eru allt breytingar sem segja má að séu altækar, en stöðubundnar breytingar eru líka geysimargar. Þar má nefna "linun" í bakstöðu í áhersluleysi, þat > það, ok > og, annat > annað; nn > dn og ll > dl við ákveðnar aðstæður; rr og ss styttest í bakstöðu; sérhljóð tvíhljóðast á undan ng/nk og á undan gi; og svo mætti lengi telja. E.t.v. hafa áherslur og hrynjandi líka breyst; um það veitir stafsetningin litlar upplýsingar. Það eru þess vegna engar líkur til að við myndum skilja fornt talmál þótt við ættum kost á að heyra það, né myndu formenn skilja nokkuð sem við segðum.

En hvað hefur breyst í beygingakerfinu? Þeim breytingum sem á því hafa orðið má skipta í fernt. Í fyrsta lagi breytingar á beygingum einstakra orða. Fjöldi orða hefur flust milli beygingarflokka; þannig hafa t.d. ýmsar sterkar sagnir orðið veikar, s.s. hjálpa, fela. Nafnorð hafa líka flust milli beygingarflokka; ýmis karlkynsorð hafa t.d. fengið -ar í stað -ir í nf. ft. og öfugt (dalar > dalir, refar > refir); einnig hafa orð fengið -ar í stað -s í ef. et. og öfugt (Haralds > Haraldar, tugar > tugs). Í öðru lagi eru það breytingar á beygingarflokkum. A.m.k. einn beygingarflokkur hefur svo að segja horfið. Það er flokkurinn sem orð eins og fjörður, köttur, háttur o.fl. Þessi orð voru áður fjörðu, köttu, háttu í þf. ft., en hafa nú færst yfir í beygingarflokk með orðum eins og gestur, og eru firði, ketti, hætti. Hin forna beyging lifir nú aðeins í föstum orðasamböndum, eins og á ýmsa vegu, ganga fram fyrir skjöldu o.s.frv. Þá má segja að nýr beygingarflokkur sé að verða til með kvenkynsorðum sem enda á -ing; þau hafa nú tilhneingingu til að enda á -u í ef. et., og eru þá endingarlaus í nf. et. en -u í öllum öðrum föllum et. Slíkt



beygingarmunstur var ekki til áður. Í þriðja lagi eru það breytingar á beygingarendingum. Ýmsar sagnaendingar hafa breyst, t.d. endingar viðtengingarháttar; færa - færir - færi, færim - færið - færi. Einnig hafa endingar nafnorða breyst, en þar er oft um hljóðfræðilegar breytingar að ræða, s.s. þegar mörg karlkynsorð missa nefnifallsendingu (ís, her; sbr líka stóll, steinn). Í fjórða lagi er svo að nefna breytingar á svonefndum beygingarformdeildum; þ.e. breytingar á því hvaða munur er táknaður reglubundið á formlegan hátt. Í fornmáli var í persónufornöfnum og eignarfornöfnum ekki eingöngu til eintala og fleirtala, heldur líka sérstök tvítala. Þá voru ég og þú eintala eins og nú, en við og þið tvítala, og vér og þér fleirtala. Nú hefur tvítalan horfið sem sérstök formdeild, þannig að ekki eru notuð mismunandi orð eftir því hvort talað er um tvo eða fleiri; en þrátt fyrir það hafa tvítöluorðin varðveist, bara í víkkaðri merkingu. Rétt er að benda á, að í indóevrópsku var tvítala ekki bara í fornöfnum, heldur líka í nafnorðum og sögnum.

Myndun nýrra orða fer fyrst og fremst fram með tvennu móti; forskeytum/viðskeytum og samsetningu tveggja eða fleiri róta. Báðar þessar aðferðir voru líka notaðar til forna, en eitthvað hefur breyst hvaða forskeyti/viðskeyti eru notuð. Viðskeytin -ari og -un eru t.d. ekki algeng í fornu máli, en geysialgeng í nútímamáli; aftur á móti eru viðskeyti eins og -all, -ill, -ull lítið notuð til nýmyndunar nú. Viðskeyti eins og -ri (bakarí, fylliri), -ía og -heit hafa komið inn í málið. Einnig má nefna hið geysifrjóa viðskeyti -ó, sem telja verður frá þessari öld.

Lítum næst á setningafræðilegar breytingar. Þar má fyrst nefna breytingar sem varða orðaröð. Því er venjulega haldið fram að í fornu máli hafi setningar mun oftast hafist á sögninni en nú; setningar eins og Fara þeir nú og finna Njál voru algengar. Óvíst er þó að munurinn sé svo mikill; færð hafa verið rök að því að þessi orðaröð sé bundin ákveðnum stíl, og það vilji bara svo til að sá stíll sé notaður á fornsögum og hæfi þeim. Aftur á móti hefur fornmál greinilega verið ólíkt nútímamáli að því leyti að þar gat röð hjálparsagna og andlaga verið önnur en nú; vér munum þetta gert hafa, í stað hafa gert þetta. Þá getum við nefnt breytingar varðandi notkun greinis. Í fornu máli virðist ákveðinn greinir ekki hafa verið eins algengur og í nútímamáli. Enn er það smáorðið það. Í nútímamáli er mjög algengt að það sé notað án þess að vísa til neins í setningum eins og það rignir, það eru komnir gestir o.s.frv. Að það vísar ekki til neins má sjá á því að ef orðaröð er breytt, fellur það brott án þess að merkingin breytist; nú rignir, þá eru komnir gestir. Í fornu máli virðist þetta það ekki koma fyrir; þess ber þó að geta að það er miklu algengara í talmáli en ritmáli, en við höfum auðvitað engin dæmi um fornt talmál. Enn má nefna afturbeygingu. Í fornu máli kom varla fyrir að afturbeygt fornafn vísaði úr aukasetningu í aðalsetningu, en það er algengt í nútímamáli; Jón heldur að ég hati sig, en í fornmáli yrði að vera hann. Þá má nefna breytingar á sagnakerfi og hjálparsagnasamböndum. Komið hafa upp orðasambönd sem ekki voru til í fornu máli, eins og vera að gera eitthvað og vera búinn að gera eitthvað. Mun fleiri sagnir virðast líka vera hjálparsagnir en að fornu.

Næst getum við drepit á breytingar á merkingu. Þar er af mörgu að taka, en hins vegar ekki um að ræða neinar heildarlínur. Það þjónar litlum tilgangi að telja upp merkingarbreytingar einstakra orða; við minnumst á eitthvað af því seinna þegar við tölum um merkingarfræði.

Að lokum eru það breytingar á orðaforða. Þær hafa orðið talsverðar, eins og gefur að skilja. Á síðustu áratugum sérstaklega hefur bæst við í málið geysilegur fjöldi orða, bæði ýmiss konar fræðiorða, orða um ný hugtök eða fyrirbæri, o.m.fl. Eitthvað af orðum hefur líka fallið úr notkun, s.s. orð um fyrirbæri sem nú eru úrelt eða komin úr tísku.

Af hverju breytist málið? Eru málbreytingar óhjákvæmilegar? Þetta eru spurningar sem málfraeðingar hafa mikið reynt að svara, en gengið misjafnlega. Ótal kenningar hafa verið settar fram um orsakir málbreytinga, en óhætt mun að segja að engin ein þeirra komist nálægt því að skýra allar breytingar, en séu margar kenninganna hafðar í huga í einu, og samspil mismunandi þátta skoðað, má eflaust finna einhvers konar skýringar á mörgum málbreytingum, en ýmislegt verður alltaf óskýrt.

Málið breytist ekki jafnt og þétt, heldur verða oft meiri og hraðari á einum tíma en öðrum. Í málsögunni skiptast á tiltölulega róleg og tiltölulega óróasöm tímabil. Stundum má halda því fram að orsakir málbreytinganna komi að innan; það séu einhverjir þættir í málinu sjálfu sem fara af stað, og draga á eftir sér langan slóða breytinga. Á öðrum tímum virðast breytingarnar koma að utan. Það eru allar líkur á að þannig sé ástandið nú. Það er augljóst að málið flyst nú frá kynslóð til kynslóðar með allt öðrum hætti en fyrir svo sem fimmtíu árum. Þar ber margt til. Fyrst er það að nefna að börn læra nú mál sitt að talsverðu leyti af öðrum börnum, en áður lærðu þau málið mest af fullorðnu fólki; foreldrum sínum, og jafnvel öfum og ömmum. Þar munar strax einni kynslóð, og er augljóst hver áhrif það hlýtur að hafa á hraða málbreytinga.

Annað atriði er það að áður fyrr var reynsluheimur barnanna að miklu leyti sá sami og fullorðna fólksins. Þegar þjóðin bjó nær öll í sveitum voru börnin með fullorðnu fólki við allt sem það tók sér fyrir hendur. Þau lærðu því strax að tala um flesta þá hluti sem fullorðna fólkið talaði um. Nú er þetta allt öðruvísi, eins og allir vita; börnin eru í skóla, á barnaheimili, leikskóla, eða að leika sér með félagum sínum innan húss og utan; foreldrnir eru á vinnustöðum, skemmtunum o.s.frv. Börnin þurfa því að tala um ýmislegt sem foreldrnir taka lítinn sem engan þátt í, en á hinn bóginn fást foreldrnir við sitthvað sem börnin koma ekki nálægt og læra því lítið að tala um. Það er væntanlega öllum ljóst hvernig þetta hlýtur að ýta undir örari málbreytingar. Þar er auðvitað einkum um að ræða breytingar á orðaforða, en þær draga auðvitað dilk á eftir sér; ef menn vantar orð yfir það sem þeir ætla að tala um, kostar það oft vandræðalegt hik, kauðalegar umorðanir, margorðar útskýringar o.s.frv.

Í þriðja lagi er það svo að málið er að ýmsu leyti ekki eins þýðingarmikið og það var; myndin hefur komið í stað þess að nokkru leyti. Í stað þess að lesa eða hlusta á sögur skoða börnin nú myndasögur, horfa á sjónvarp eða vídeó. Þessum myndum fylgir oft erlent mál; og þótt íslenskur texti sé með, er það oft vafasamur ávinningur, því að þar er oft um að ræða slæmar þýðingar. Þetta leiðir til þess að myndin verður aðalatriði, málið í besta falli eins konar hækja með henni.

Í fjórða og síðasta lagi skal ég svo nefna erlend áhrif. Það er augljóst að þau eru þónokkur, en ég held þó að oft sé gert of mikið úr þeim. Við megum ekki gleyma því að þau mál sem oftast er talað um í þessu sambandi, danska og nú einkum enska, eru skyld íslensku; þótt sama þróun verði í þeim, þarf ekki endilega að vera um að ræða áhrif eins þeirra á annað, heldur getur verið um að ræða sams konar aðstæður í þeim öllum, sem kalli á sams konar þróun.

Það er ljóst að ekkert þeirra atriða sem ég nefndi er hægt að rekja til þess að það fólk sem nú er að alast upp sé heimskara eða latara eða hirðulausara um mál sitt en feður þess og mæður, afar og ömmur; heldur stafa þau öll af breytingum sem hafa orðið á þjóðfélaginu. Við getum haft mismunandi skoðanir á því hvort allar þessar breytingar hafi orðið til góðs eða ekki, en sjálfsagt má sýna fram á að þær hafi flestar eða allar verið óhjákvæmilegar. Ég held að það sé ástæðulaust að hugsa sér að fyrri kynslóðir hafi verið svo miklu hirðusamari um mál sitt en við; þjóðfélagshættir voru á hinn bóginn þannig að þeir stuðluðu að varðveislu málsins án mikilla breytinga. Ef við ásökum Íslendinga nútímans fyrir hirðuleysi um málfar sitt, erum við því að beina spjótum okkar í vitlausa átt - við eigum að snúast gegn þeim þjóðfélagsbreytingum sem verða þess valdandi að málvarslegt uppeldi breytist.

## 7.

Öll mál breytast með tímanum; það er staðreynd sem ekki þýðir að mæla í mót. Hitt deila menn um, að hve miklu leyti sé hægt að sporna við slíkri þróun, og hvort einhver ástæða sé til þess, ef hægt væri. Á Íslandi hugsuðu menn lengi framan af lítið sem ekkert um breytingar á málinu, hvað þá að reyna að berjast gegn því. Það hefur oft verið sagt að séra Arngrímur Jónsson hinn lærði, sem var uppi á seinni hluta 16. aldar og fram á þá 17., hafi verið fyrsti

íslenski málvöndunarmaðurinn. Á hinn bóginn var það ekki fyrr en með Fjölnismönnum á fyrri hluta 19. aldar sem markvisst starf hófst í því að stöðva ýmsar málbreytingar sem voru í gangi og jafnvel snúa þeim við. Á þessum tíma voru dönsk áhrif talsverð, margir æðstu embættismenn danskir, Reykjavík hálfdanskur bær o.s.frv.; og talsvert af svokölluðum "dönskuslettum" var komið inn í málið. Upphaf málhreinsunar fer saman við upphaf sjálfstæðisbaráttunnar, og það er auðvitað engin tilviljun. Frá því snemma á 19. öld hefur málhreinsunarstefnan verið ríkjandi, þótt það sé misjafnt hversu áberandi hún hefur verið.

En hver er íslensk málstefna? Í raun og veru hefur hún hvergi verið sett fram berum orðum, a.m.k. á seinni árum; en við getum væntanlega sagt að hún felist í stórum dráttum í því að sporna við málbreytingum og hafna erlendum orðum, nema ekki verði samkomulag um íslensk orð sömu merkingar og útlendu orðin falli inn í íslenskt hljóð- og beygingakerfi. Þetta kann að virðast einfalt, en er það ekki alltaf í framkvæmd. Það liggur ekki alltaf ljóst fyrir við hvaða breytingum skuli sporna.

Óhætt er að segja að menn beiti einkum tvenns konar rökum þegar dæmt er um hvað sé rétt mál og hvað rangt. Annars vegar athuga menn hvað ráða má af elstu dæmum um íslenskt mál, og hins vegar hvað er almennt mál nú á tímum. Það er á hinn bóginn misjafnt hvort menn láta vega þyngra. Ýmsar breytingar frá fornu máli eru vissulega viðurkenndar, en aðrar eru taldar "rangt mál". Og ekki er alltaf auðvelt að gera sér grein fyrir því hvað ræður; hvað er viðurkennt og hverju hafnað.

Við skulum nú hugsa okkur að við kæmum okkur saman um það að telja það réttast sem væri elst, og miða þá við elstu varðveitta texta á íslensku, en hirða ekki um forsögu málsins. Við skulum samt gera okkur grein fyrir að það eru ekki nein málfræðileg rök fyrir því að velja 12. eða 13. aldar íslensku sem viðmið, frekar en eitthvert eldra eða yngra málstig. Málið hefur alltaf verið að breytast, að vísu misjafnlega hratt; en það var engin sérstök kyrrstaða í því um 1200, raunar síður en svo, því að á þessum tíma voru miklar breytingar á sérhljóðakerfinu að ganga yfir. Það eru því ytri aðstæður sem valda því að mál þessa tíma er notað sem viðmið; sem sé þær að á því eru fornbókmenntir okkar skrifaðar, a.m.k. þær sem merkastar þykja. Þótt eddukvæðin séu að vísu eldri, eru elstu handrit þeirra frá þessum tíma og bera þess merki málfarslega.

En þótt þarna verði málfarslegum rökum ekki við komið, er eðlilegt að velja það mál sem er á elstu varðveittum textum sem einhvers konar viðmið. En gallinn er sá að það er alls ekki eins auðvelt og halda mætti í fljótu bragði að dæma mál rétt og rangt eftir þessu viðmiði. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi er þekking okkar á formálinu ekki ótakmörkuð. Þótt við eigum mikið af rituðum textum frá 13. öld miðað við ýmsar aðrar þjóðir, þá eru þeir tiltölulega einhæfir; mestanpart frásagnarbókmenntir af ýmsu tagi, en einnig nokkuð af lagatextum og skjölum. Þótt eitthvert orð, einhver beygingarmynd eða einhver setningagerð komi ekki fyrir í varðveittum textum, getum við ekki fullyrt að viðkomandi orð, beygingarmynd eða setningagerð hafi ekki tíðkast í forníslensku. Það gæti sem best verið tilviljun að það hefði ekki komist á bækur; nú eða þær bækur sem það komst á hafi allar glatast.

Hvað merkja hugtökin **rétt** og **rangt** í máli? Um það hafa menn lengi deilt. Oft er látið í veðri vaka að þau hafi einhverja ótvíræða og klára merkingu, en því er ekki að heilsa. Þegar menn þurfa að rökstyðja dóma sína um þetta atriði, er sennilega algengast að vísa til formálsins, og nota það sem hæstarétt um hvað sé rétt og hvað rangt. En er það nothæft viðmið? Það er nokkurt vafamál. Í fyrsta lagi er það svo, eins og minnst var á áðan, að sumar breytingar sem hafa orðið síðan í forn máli eru viðurkenndar. Þess vegna er ekki hægt að dæma eitthvað rangt eingöngu á þeim forsendum að það sé öðruvísi en í forn máli. Í öðru lagi er rétt að hafa það í huga, að frá málfræðilegu sjónarmiði er 13. aldar íslenska ekki á nokkurn hátt betra eða fullkomnara mál en hvaða málstig sem er fyrr eða síðar í málsögunni. Það var ekki heldur á

neinn hátt stöðugra en málið á næstu öldum á undan og eftir. Það vill bara svo til að þetta er fyrsta málstigið sem við höfum verulegar beinar heimildir um, og á þessu máli eru til bæði miklar og góðar bókmenntir. Vissulega má nota það sem rök - og það gild rök - að æskilegt sé að breyta sem minnst frá því, vegna þess að þá hættum við að skilja þessar bókmenntir. En það er mikilvægt að átta sig á að þau rök eru ekki málfræðileg.

Eitt af því sem gerir erfitt að miða eingöngu við forn málið er það að við vitum sáralítið um fornt talmál. Í nútímaíslensku er munur talmáls og ritmáls töluverður, og líklega meiri en við gerum okkur grein fyrir í fljótu bragði. Það má telja víst að einhver munur hafi einnig verið á talmáli og ritmáli til forna. En hvort hann var meiri eða minni en nú, og í hverju hann var fölginn, getum við lítið sagt um. Og það er í mörgum tilvikum hæpið að leiðrétta nútíma talmál eftir fornu ritmáli, ekki síst þar sem þeir nútímatextar sem hvað stíl varðar eru helst sambærilegir við varðveitta texta á forníslensku, þ.e.a.s. ýmiss konar sagnaþættir og opinber skjöl, virðast í ýmsum atriðum standa fjær talmáli en aðrir ritaðir textar.

Í öðru lagi er því síður en svo að heilsa að hinir fornu textar birti eitthvert einlitt og dauðhreinsað mál; þar er að finna alls konar ósamræmi og ýmislegt sem nú yrði eflaust kallað "málvillur". Tökum dæmi af hinni alþekktu "þágufallssýki", sem mikið hefur verið barist gegn á undanförunum árum. Það er sagt rangt að segja mér langar, mér vantar o.s.frv., og rökstutt með því að eldra sé - og þar af leiðandi réttara - að segja mig langar, mig vantar. Þetta er auðvitað rétt svo langt sem það nær. En lítum nú á eitt elsta varðveitta íslenska handritið, Hómilíu- bókina sem nú er varðveitt í Stokkhólmi og kennd við þá borg. Um þessa bók hefur Jón Helgason prófessor sagt: "óvíða flóa lindir íslenzks máls tærari en þar, og er sá íslenzkur rithöfundur sem ekki hefur þaullesið hana, litlu betur undir starf sitt búinn en sá prestur sem enn á ólesna fjallræðuna." Nú vill svo til að í þessari bók stendur iðulega hvorki mig langar né okkur langar, heldur ég langa, við löngum; sögnin er sem sé höfð persónuleg, og tekur frumlag í nefnifalli. Ef við miðum eingöngu við hvað sé elst í íslensku, mætti því halda því fram að mig langar sé engu réttara en mér langar, því að ég langa sé notað í þessu forna handriti. Engan hef ég samt heyrt halda því fram, enda væri það út í hött; því að hvorttveggja er að í öðrum handritum fornum er sögnin oftast ópersónuleg, og hún hefur oftast verið höfð með þolfalli á síðari öldum. En þetta dæmi sýnir okkur að ekki er umsvifalaust hægt að miða eingöngu við það elsta.

Það mætti láta sér detta í hug að gamlar breytingar væru viðurkenndar, en nýjar ekki. Svo er þó ekki alltaf. Þannig er t.d. beygingin læknir - læknir, læknirar o.s.frv. mjög gömul, en þó ekki viðurkennd. Dæmi um ef. föðurs finnast í Njáluhandriti frá um 1300; ef. drottningunnar kemur fyrir í Reykjahólabók frá upphafi 16. aldar; o.s.frv. Aftur á móti eru ýmsar yngri breytingar viðurkenndar, einkum hljóðbreytingar, s.s. samfall i og y, hljóðdvalarbreytingin o.fl. Af þeim tegundum breytinga sem við höfum talað um er auðveldast að fylgjast með þeim sem snúa að orðunum og útliti þeirra; beygingum og orðaförða. Hljóðbreytingar eru ekki jafn augljósar, eins og við höfum talað um; og setningafræðilegar breytingar og merkingarbreytingar leynd meira á sér. Þess vegna hefur málstefnan mest beinst gegn beygingarbreytingum og erlendum slettum, þótt önnur atriði hafi vissulega verið tekin fyrir líka. Sem dæmi um hljóðfræðilegar breytingar sem barist hefur verið gegn má nefna flámælið, samruna i og e annars vegar og u og ö hins vegar. Af breytingum á orðmyndun má nefna -ó-orðin; af setningafræðilegum breytingum tala við hvorn annan og það var barið mig; af merkingarbreytingum að nota so. dingla í merkingunni 'hringja'.

Hugmyndir flestra um forníslensku eru ekki komnar úr stafréttum útgáfum fornrita, heldur úr útgáfum sem ýmist nota svonefnda samræmda stafsetningu forna, nútímastafsetningu, eða eitthvað þar á milli. Og þessar útgáfur eru frábrugðnar handritunum sjálfum í veigamiklum atriðum. Í fyrsta lagi þekktu fornmennt ekkert sem kallast má samræmd stafsetning í nútímaskilningi. Í öðru lagi - og það er mikilvægara - leiðrétta útgefendur iðulega málfar

handritanna. Í formála útgáfu Fornritafélagsins á Egils sögu Skallagrímssonar segir útgefandi t.d. að fyrir utan það að samræma stafsetningu hafi hann leiðrétt "bersýnilegar pennavillur og smáúrfellingar nauðsynlegra orða". Þessar breytingar útgefenda verða auðvitað til þess að hinn raunverulegi munur forn máls og nútímamáls minnkar í augum okkar.

Þar við bætist að hinar "bersýnilegu pennavillur" sem áður voru nefndar felast oft í því sem nú væri kallað málvillur; t.d. rangri fallbeygingu. Í Reykjabók, einu helsta og elsta handrit Njálu, frá því um 1300 eða litlu síðar, er að finna orðmyndina *föðurs*, með s í endann; en í útgáfum er þessu yfirleitt breytt athugasemdalaust í *föður*. Það er ljóst að slíkar breytingar, þótt smávægilegar virðist og sjálfsagðar í fljótu bragði, hafa mikil áhrif í þá átt að láta okkur halda að forníslenska hafi verið miklu "betra" eða "hreinna" mál en hún var í raun og veru.

Ef við viljum á annað borð reka einhverja málstefnu, hirða eitthvað um ástand málsins, eins og ég held að flestir vilji, þá er bæði eðlilegt og sjálfsagt að líta til forn málsins sem einhvers konar fyrirmyndar. En við megum ekki einblína á það, og ekki hengja okkur í smáatriði. Það er alveg ljóst að fjölmargar breytingar sem orðið hafa á málinu eru nú fullkomlega viðurkenndar sem góð og gild íslenska. Vandinn felst þá fyrst og fremst í því að dæma um nýjungar sem eru að koma upp, eða eru komnar upp en hafa ekki að fullu sigrað. Á að berjast gegn þeim öllum? Og ef ekki, þá hverjum þeirra? Og með hvaða rökum á að skilja þar á milli?

Vissulega er af ýmsum ástæðum æskilegt að málið breytist sem minnst. En það er eðli mála að breytast, og engar líkur til að við komumst hjá einhverjum breytingum á móðurmálinu, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Ég held að það sé hvorki nauðsynlegt né skynsamlegt að berjast af sama krafti gegn öllum breytingum, heldur verði að vege það og meta hverju sinni, hvort málstaðurinn sé baráttunnar virði. Á því hafa menn auðvitað mismunandi skoðanir, en ég get t.d. hugsað mér þrjár gildar ástæður fyrir að vilja sporna gegn ákveðinni málbreytingu; að hún geri okkur erfiðara um vik að skilja málfar undangenginna kynslóða, að hún minnki fjölbreytni málsins, og að hún raski grundvallarþáttum málkerfisins - sem að vísu gæti reynst erfitt að skilgreina hverjir séu.

Fyrstnefnda ástæðan er e.t.v. mikilvægust, enda má segja að hún taki yfir hinar tvær; það er að segja, búast má við að breyting sem minnkar fjölbreytni málsins eða raskar grundvallarþáttum málkerfisins torveldi okkur jafnframt skilning á máli forfeðranna. Þó þarf svo ekki að vera, því að talsvert af málkunnáttu okkar er óvirk kunnátta; orð, beygingar eða setningagerðir sem við skiljum en notum sjaldan eða aldrei sjálf. Þótt fáir eða engir beygi nú *firðir* um *fjörðu* eða *skildir* um *skjöldu* kannast menn við hina fornu beygingu, og sú breyting sem orðið hefur torveldar því sjaldnast skilning.

Hvað eigum við þá að segja um breytingar sem mjög hefur verið barist gegn, eins og t.d. þágufallssýkina, eða beyginguna *læknir* um *læknir*? Er einhver gild ástæða til að berjast gegn þessum breytingum? Því verður hver að svara fyrir sig. Ég held að hvorug þessara breytinga eigi að torvelda skilning á eldri textum; það er hvort eð er ekkert einsdæmi að sagnir hafi breytt um fallstjórn, eða orð flust milli beygingarflokka. Hvorug þessara breytinga raskar heldur grundvallarþáttum málkerfisins, að því er ég best fæ séð. Bæði persónulegar og ópersónulegar sagnir halda áfram að vera til, og það skiptir varla sköpum þótt stöku sögn flytjist á milli flokka; og orð eins og *læknir* hætta ekki að beygjast. Hins vegar mætti með nokkrum rökum halda því fram að fjölbreytni málsins minnkaði ef þessar breytingar gengju yfir; sagnir sem tækju með sér þolfall eins og langa og vanta gera nú hyrfu úr málinu, og einn beygingarflokkur nafnorða líka. Ef við viljum sem sagt berjast gegn þessum breytingum, þá höfum við vissulega rök fyrir því.

Annað sem oft er vitnað til er það hvað sé almennt viðurkennt. Taka má sem dæmi kverið *Gætum tungunnar*, sem bókmenntafélagið gaf út í hittifyrri; þar er iðulega skírskotað til einhverra ótiltekinna yfirvalda og sagt: "Betra þykir ...", "Sumir segja ..." o.s.frv. Þetta er enn

hæpnara viðmið en hitt; það er nefnilega alveg ómögulegt að festa hendur á því. Hverjir eru þessir "sumir" sem þykir þetta eða hitt betra eða réttara? Rétt er að athuga vel, að það liggja ekki fyrir neinir úrskurðir yfirvalda um einstök málfarsleg efni; og jafnvel þótt þeir væru til, er vafasamt hvaða gildi þeir hefðu. Málið er nefnilega eitt af því sem er sameign okkar, og hæpið að líta svo á að nokkur geti gefið út nokkur boð eða bönn um notkun þess.

Ég hef nú nefnt nokkur atriði sem hafa má hliðsjón af við dóma um málfarsleg efni. Það er þó langt frá því að þar sé um tæmandi skrá að ræða. Hér vantar augljóslega einn mjög mikilvægan þátt; **málvenjuna**. Mér finnst ákaflega hæpið að dæma einhverja breytingu sem orðin er í máli meginhluta landsmanna rangt mál, enda þótt hún geti talist óæskileg samkvæmt þeim rökum sem ég nefndi hér á undan. Um þetta eru þó skiptar skoðanir, og verður hver að ákveða fyrir sig.

Það er oft ætlast til að málfræðingar kveði upp úrskurði um það hvað sé rétt og hvað rangt. Þeir gera það líka oft; en þeir úrskurðir byggjast ekki alltaf á málfræðilegum forsendum. Í raun og veru er ekki til nema ein skilgreining á réttu og röngu máli sem kalla má málfræðilega. Hún er sú að rétt mál sé það sem er málvenja einhverra, rangt sé það sem ekki er málvenja nokkurs manns. Það er nefnilega ekki hægt að gera upp á milli málvenja mismunandi hópa á **málfræðilegum** forsendum. Athugið að þetta felur það í sér að allir dómur sem venjulega eru felldir um rétt og rangt mál séu út í hött; þar er nefnilega í raun og veru verið að gera upp á milli málvenja. Hér að framan var nefnt að það er iðulega sagt að mér langar sé rangt mál, en aldrei er sagt að mín langar sé rangt - það nefnilega segir enginn. En frá málfræðilegu sjónarmiði er það aðeins mín langar sem er rangt, en bæði mig langar og mér langar er rétt; hvort tveggja er málvenja ákveðinna hópa. Athugið enn og aftur að ég segi: Frá málfræðilegu sjónarmiði; en við getum vissulega haft aðrar ástæður fyrir því að taka mig langar fram yfir mér langar. En það má gera á annan hátt en þann að dæma það síðarnefnda rangt. Það má í staðinn tala um gott og vont, æskilegt og óæskilegt o.s.frv. Ég get reyndar ekki séð að mér langar sé nokkuð verra eða óæskilegra en mig langar; en vissulega eru ýmsar málbreytingar sem telja má óæskilegar frá því sjónarmiði að þær rjúfi tengsl okkar við fornbókmenntirnar. En það er allt annað mál.

## 8.

Eru mállýskur á Íslandi? Það er skilgreiningaratriði. Ef miða á við önnur lönd má segja að svo sé ekki. Vissulega er til nokkur munur í framburði, orðaforða og fleiru; en hann er aldrei svo mikill að menn eigi í nokkrum erfiðleikum með að skilja hver annan. En í hverju felst þessi munur? Það sem einkum hefur verið athugað er framburðarmunur. Nokkur atriði má nefna; 1) raddaður framburður; 2) harðmæli; 3) hv-framburður; 4) vestfirskur einhljóðaframburður; 5) skaftfellskur einhljóðaframburður; 6) m/rl-framburður, 7) ngl-framburður; 8) hð/gð-framburður; 9) flámæli. Auk þess er vitað nokkuð um mismunandi orðaforða eftir landshlutum, og er talsverðan fróðleik um það að finna í Orðabók Blöndals, svo og í sérstöku talmálssafni sem til er á Orðabók Háskólans. Einhvern landfræðilegan mun er líka vitað um í beygingarlegum eignum, s.s. kyni sumra nafnorða; föl, sykur, skúr o.fl.

Þetta er það sem stundum er kallað "láréttur munur". En líka er til "lóðréttur munur"; mállýskumunur sem ekki fer eftir landsvæðum, heldur er milli fólks á sama stað, og fer eftir atriðum eins og stétt og aldri o.fl. Eins og minnst var á um daginn hefur venjulega ekki verið gert ráð fyrir slíkum mun í íslensku. Það er samt ljóst að hann er fyrir hendi, a.m.k. milli aldurshópa. Í þeirri mállýskukönnun sem nú stendur yfir hefur sums staðar komið fram mjög áberandi framburðarmunur milli eldra og yngra fólks í ákveðnum atriðum; t.d. í hv-framburði í Vestur-Skaftafellssýslu og rödduðum framburði í Skagafirði. Önnur atriði virðast hins vegar breytast minna; í Vestur-Skaftafellssýslu heldur einhljóðaframburðurinn sér nokkurn veginn, og ngl-framburðurinn í Skagafirði. Allir vita líka um mun í orðaforða milli aldurshópa.

En stéttamunur? Er hann einhver fyrir hendi? Því hefur yfirleitt verið svarað neitandi. Víða erlendis er slíkur munur mikill, t.d. í Bretlandi, þar sem þetta atriði hefur mikið verið kannað. Í mállýskukönnun Höskuldar og Kristjáns er þetta athugað að nokkru leyti, en úr þeim hluta hefur enn ekki verið unnið. Ein könnun er þó til á þessu hvað varðar einstakt atriði: þágufallssýkina. Það er í grein Ástu Svavarsdóttur í Íslensku máli, 4. árg. 1982. Þar kemur fram að þágufallssýki var talsvert algengari meðal barna ófaglærðs verkafólks en barna menntafólks. Auðvitað er þetta bara eitt einstakt atriði, og af því má ekki draga of stórar ályktanir. Þetta bendir þó til þess að stéttamunur í máli geti verið fyrir hendi á Íslandi; a.m.k. þarf að kanna málið betur áður en slíku er vísað á bug.

Sagt er að hverjum þyki sinn fugl fagur, og á það ekki síst við um tungumálið. Við höldum því oft fram að íslenska sé betra og fegurra mál en önnur. Þetta er alveg rétt, hún er það fyrir okkur sem eigum hana að móðurmáli. En það er ekki þar með sagt að íslenska sé frá málfræðilegu sjónarmiði á nokkurn hátt merkilegra mál en önnur. Við viljum veg hennar sem mestan af því að hún er móðurmál okkar, grundvöllur menningar okkar; en það er engin ástæða til að halda að hún sé á einhvern hátt betri til síns brúks en önnur mál eru fyrir þá sem þau tala.

En sú staðreynd að mönnum finnst oft best og réttast það sem þeir eru aldir upp við kemur ekki bara fram í því að okkur finnst íslenska betri en önnur mál; okkur finnst líka einmitt sú íslenska sem við erum sjálf alin upp við, hvert og eitt, betri en sú sem fólk af öðru landshorni eða á öðrum aldri talar, og okkur hættir við að telja annað en það sem við þekkjum sjálf eða erum vönust rangt. T.d. býsnumst við Norðlendingar oft yfir linmæli Sunnlendinga, sem segi taba, vida, rega í staðinn fyrir tapa, vita, reka; en þegjum yfir því að við segjum sjálfir kver, kvaða í stað xer, xaða eða xwer, xwaða.

Það er nú einu sinni svo, að flestir hafa tilhneigingu til að kunna því best sem þeir eru aldir upp við, og telja annað vont eða rangt. Skýrt dæmi um þetta má finna í þætti Gísla Jónssonar í Morgunblaðinu 12. mars 1983. Hann segir: "Enn hef ég verið spurður um skoðun mína á mállýskumun eftir landshlutum. Enn svara ég hinu sama og fyrr: Mér þykir þessi munur slíkur, að ég vil ekki amast við honum, heldur hvetja fólk til þess að varðveita hann, að svo miklu leyti sem hann er leifar af sameiginlegum framburði landsmanna á öldum áður." Hann hvetur til varðveislu vestfirskis og skaftfellsks einhljóðaframburðar, svo og rl/rn-framburðarins skaftfellska. Hann mælir hins vegar gegn flámæli, linmæli og rd-framburði. Í sambandi við þann síðastnefnda er athyglisvert að hann skuli ekki nefna framburðinn habbði/saggði, sem Björn Guðfinnsson taldi að "engin eftirsjá" væri að. Skyldi ástæðan vera sú, að helsta vígi þessa framburðar er í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu, en Gísli er Svarfdælingur að uppruna? Gísli segist mæla "gegn breytingum á framburði, sem komið hafa upp á vissum landssvæðum, en aldrei verið svo talað um land allt". En af hverju mælir hann þá ekki gegn kv-framburði, sem óumdeilanlega er yngri en hv framburður, og hefur ekki sigrað algerlega (frekar en linmælið)? Skyldi það ekki vera vegna þess að Gísli er sjálfur af kv-svæðinu? Þetta ætti að nægja til að sýna, að ekki er hlaupið að því að ákveða hvað sé "skýrast og fegurst og eftirsóknarverðast".

Fyrir nokkrum árum átti ég tal við aldraðan mann fyrir norðan, og barst tal okkar að málfari manna. Viðmælandi minn tók að býsnast yfir því hvað mál unglunga í Reykjavík væri orðið spillt; t.d. segðu þeir nú mér langar, mér vantar og annað eftir því. Ekki mótmælti ég því, en spurði á móti hvort honum fyndist þá í lagi að tala um að hitta læknirinn. Hann varð hvumsa við, en sagðist ekki vita betur en það væri fullkomlega eðlilegt og rétt mál. Ég sagði honum þá að það mætti ekki á milli sjá hvor villan væri verri í setningunni mér langar að hitta læknirinn. Hann þagnaði um stund, en kvað svo upp úr með það að seinni villan væri miklu minni, því að hún væri norðlenska.

Þetta held ég að sé dæmigert fyrir viðbrögð margra okkar; við snúumst ósjálfrátt til varnar uppruna okkar, landfræðilegum og málfarslegum. Viðmælandi minn var alinn upp við að

beygja lækni, um lækni, frá lækni, til læknis; og í fleirtölu læknirar o.s.frv.; rétt eins og margar kynslóðir á undan honum. Honum fannst út í hött að halda því fram að það væri rangt. Og það er ekki nema eðlilegt. En hann áttaði sig ekki á því að sama gildir örugglega um a.m.k. suma af hinum reykvísku unglíngum, sem honum þótti hneykslanlegt að segðu mér langar og mér vantar; þeir eru aldir upp við þetta líka. En við viljum helst fá að hafa okkar kreddu, en útrýma kreddu náungans - ekki síst ef hann er bæði af öðru landshorni og á öðrum aldri en við sjálf. Reyndar má bæta því við í þessu tilviki að eina skipulega rannsóknin sem hefur verið gerð á útbreiðslu þágufallssýki bendir til þess að hún sé síst minni á Norðurlandi en á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar eiga menn erfiðara með að trúá löstunum upp á þá sem þeir telja sitt heimafólk. Í Mállýzkum I segir Björn Guðfinnsson svo frá því hvernig svör hann fékk við spurningum sínum um framburð: "Þráfaldlega bar það við, að menn miðuðu um of við framburð sjálfra sín og töldu sama framburð ríkjandi í heilum héruðum. Stundum getur þetta verið rétt, en oft er furðumikill munur framburðar í sama héraði, einkum ef það liggur á mótum mállýzkna."

Málfar veslings unglínganna liggur því vel við höggi af tveimur ástæðum. Fyrst og fremst er það auðvitað vegna þess að það er óumdeilanlega helst í því sem breytingarnar verða; það er fjarlægara hinu viðurkennda viðmiði, fornmálinu, en mál hinna fullorðnu. Einnig eru ýmis tiskufyrirbrigði oft mikilvægari þáttur í lífi unglínga en fullorðinna, og orðin um þessi tiskufyrirbrigði, sem iðulega eru erlend, þá jafnframt gildari þáttur í máli unglínganna en þeirra fullorðnu. En ein helsta ástæðan fyrir því að það eru helst unglíngar sem eru gagnrýndir fyrir vont málfar er líklega sú að það er eingöngu fullorðið fólk sem sest þar í dómarsæti. Ég held sem sagt að það sem raunverulega liggur oft að baki gagnrýni á málfar unglínga sé að það er öðruvísi en málfar þeirra sem gagnrýna, frekar en það sé endilega verra samkvæmt einhverjum óskilgreind- um mælikvarða. Við ættum þess vegna að líta oftar í eigin barm og velta fyrir okkur hvort það geti verið að undirrót aðfinnslna okkar sé stundum bara eigingirni.

Víðast hvar erlendis er til einhvers konar standardmál, sem kennt er í skólum, útlendingum kennt o.s.frv. Oft er það einhver mállýska sem gerð hefur verið að standardmáli, t.d. mállýska höfuðborgarsvæðisins; en stundum er standardmálið í raun og veru hvergi talað.

Á Íslandi er ekkert slíkt standardmál til; og menn hafa dálítið mismunandi skoðanir á því hvort það sé gott eða vont. Margir eru mjög ánægðir með þetta, og benda á að það sýni bara að mállýskumunurinn sé svo lítill að þessa gerist ekki þörf. Aðrir telja hins vegar nauðsyn að koma á samræmdum framburði a.m.k. Ævar R. Kvaran leikari hefur í a.m.k. 20 ár verið að skrifa greinar þar sem hann hvetur til að farið sé að kenna samræmdan framburð í íslenskum skólum. Það má líka benda á, að Björn Guðfinnsson gerði tillögur um þetta að loknum rannsóknum sínum. Í kverinu Breytingar á framburði og stafsetningu setur Björn tillögur sínar fram. Þær eru í stuttu máli að kenna skuli harðmæli, hv-framburð og "réttmæli". Þetta hefur hins vegar aldrei komist í framkvæmd.

En hvað er það þá sem t.d. útlendingum er kennt? Til skamms tíma var venja að miða við norðlenskan framburð, a.m.k. harðmæli. Nú er horfið að mestu frá því, a.m.k. í útlendingakennslu hér við Háskólann, og kenndur framburður meirihluta landsmanna, þ.e. sunnlenskur framburður.

Af hverju vilja menn samræmingu framburðar? Og af hverju vilja menn harðmæli og hv-framburð? Ég held að ein meginástæðan fyrir samræmingarviljanum sé misskilningur; að ruglað sé saman **framburði** og **framsögn**. Þessa gætir a.m.k. mjög í skrifum Ævars R. Kvaran. Hann hvetur til að lögð sé meiri áhersla á talað mál í skólum, sem er ekki nema æskilegt og gott. Hann vill láta kenna fólki að tala skýrt; en það er hægt að tala skýrt þótt menn séu linmæltir. Það eru engin rök fyrir því að taba sé á nokkurn hátt óskýrara en tapa t.d. Það er vissulega rétt að í kv-framburði falla saman orð eins og hvalir og kvalir, hver og kver; en hvað gerir það til? Hlýtur



ekki samhengið alltaf að segja manni við hvað er átt?

Í framburðarathugun Kristjáns og Höskuldar er m.a. athugað það sem kallað er **óskýrmæli**. Þetta er orð sem oft er notað, en fáir virðast hafa fastmótaðar hugmyndir um hvað það merki. Til að geta notað það í þessari könnun, urðu Kristján og Höskuldur að koma sér upp einhverjum viðmiðum. Þeir völdu þessi: 1) brottfall önghljóða (*dabla*); 2) samlögun nefhljóða (*imbær*); 3) brottfall atkvæða (*klóstið*); 4) önghljóðun nefhljóða (*sav~ferða*); 5) brottfall nefhljóða (*ísledigar*). Ekkert þessara atriða kemur frekar fram í sunnlenskum framburði en norðlenskum; og raunar eru til dæmi um fólk sem er mjög harðmælt og raddað, en samt einkar óskýrmælt samkvæmt þessum viðmiðum.

Ég held að framsagnarkennsla hljóti aðallega að felast í því að kenna nemendum að flytja mál sitt skýrt og áheyrilega, losa þá við lestraráherslur o.s.frv.; en ég fæ ekki betur séð en framburður geti verið alveg jafn skýr, hverja íslenska mállýsku sem menn nota. Það má líka benda á, að ef samræming framburðar er nauðsynleg forsenda framsagnarkennslu, þá er með því verið að segja að ekki sé unnt að kenna skýran framburð annarra mála en íslensku - eða hvað? Mér virðist líka að í skrifum Ævars R. Kvaran á undanförunum árum komi fram skilningsleysi á þeim mun, sem hlýtur að vera á því að kenna mönnum móðurmál sitt og svo erlend mál, þegar hann segir: "Hvernig er yfirleitt hægt að kenna tungumál sem ekki er samkomulag um hvernig eigi að bera fram?" Við kennslu erlendra mála er auðvitað nauðsynlegt að leggja ákveðinn framburð til grundvallar. En ef menn dveljast í útlöndum, laga þeir yfirleitt framburð sinn eftir þeim framburði sem tíðkaður er þar sem þeir dveljast. Íslensk börn kunna aftur á móti íslenskan framburð í grundvallaratriðum, þegar þau koma í skóla. Það þarf því ekki að spyrja hvaða mállýsku eigi að kenna; það sem gildir er að hlúa að þeim framburði sem börnin hafa þegar lært, þjálfá hann í tali, lestri o.s.frv. Ef reynt er að kenna börnum einhvern framburð sem þeim er ekki eiginlegur, og ekki er notaður í umhverfi þeirra, er hætta á að annað tveggja gerist: Börnin noti hinn lærða framburð aðeins í skólanum, en sinn eðlilega framburð utan hans; eða þau blandi saman upprunalegum framburði sínum og því sem hefur verið reynt að kenna þeim, þannig að úr verði hrognamál sem ekki samræmist eðlilegum framburði nokkurs Íslendinga. Ég hef heyrt af dæmum um hið síðarnefnda; og hið fyrnefnda gæti hugsanlega orðið þáttur í málfarslegri stéttaskiptingu í þá sem ná valdi á hinu "fyrirskipaða" máli og hina sem gera það ekki.

Ég held sem sagt að það sé misskilningur að þörf sé á samræmdum framburði til að kenna fólki skýra og góða framsögn. Það er hægt að vera bæði skýrmæltur og óskýrmæltur á hvaða íslenska mállýsku sem er. Þess vegna er eðlilegast að hver sem er haldi þeim framburði sem hann er alinn upp við, og leggi rækt við hann. Engin mállýska er annarri betri eða fegurri; það er hægt að gera allar mállýskur ljótar og vondar með hirðuleysislegri meðferð. Óskýrmæli er aldrei til þrýði.

Við skulum samt hafa í huga að hugtakið óskýrmæli er afstætt. Í nýlegri grein Höskuldar Þráinssonar og Kristjáns Árnasonar um málfar Vestur-Skaftfellinga kemur fram að marktækur munur virðist vera á því hve ungt fólk er óskýrmæltara en það eldra. Engin ástæða er til að draga þessar niðurstöður í efa; en hins vegar verður að hafa í huga, að viðmiðunin er í eðli sínu íhaldssöm. Óskýrmæli er sem sé skilgreint sem frávik frá einhverju normi, frá "fyrirmyndarframburði", þar sem öll (eða flest) hljóð eru borin fram skýrt og greinilega. Ég er ekki að gagnrýna þessa viðmiðun (enda vandséð hvað ætti að koma í staðinn); en ég bendi á, að vel getur verið að "óskýri" framburðurinn sé alveg jafn skýr og "fyrirmyndarframburðurinn" fyrir þá sem er hann (þ.e. sá "óskýri") eiginlegur. Það hefur gerst áður í málsöggunni að hljóð og jafnvel heil atkvæði hafi fallið brott úr orðum, og nægir þar að minna á synkópuna, sem varð á frumnorrænum tíma (u.þ.b. 600-800), þegar öll stutt, áherslulaus, ónefkveðin sérhljóð féllu brott; og er þess ekki getið að málið yrði neitt óskýrara fyrir vikið. En þætti það ekki þokkalegt óskýrmæli í dag að hætta að segja *harabanaR* og taka upp *hrafn* þess í stað, eins og forfeður og

-mæður okkar gerðu? Það er siður sumra málvöndunarmanna að kenna ungu fólki og erlendum áhrifum um allt sem aflaga fer í málinu að þeirra mati; og gjarna er þetta tvennt tengt saman á þann hátt, að það er unga fólkið sem verður fyrir erlendum áhrifum og útbreiðir ósómann.